

**Nýsköpunarsjóður Námsmanna 2009**

**Velferðarsvið Reykjavíkurborgar**

# **Utangarðsfólk í Reykjavík: kortlagning og rannsókn**

**Höfundar:**

**Elín Sigríður Gunnsteinsdóttir**

**Erla Guðrún Sigurðardóttir**

**Ábyrgðarmenn:**

**Guðrún Reykdal**

**Birna Sigurðardóttir**

## Útdráttur

Rannsókn þessi er í senn kortlagning á þeim sem eru utangarðs og heimilislausir í Reykjavík ásamt vettvangsrannsókn þar sem heilsufar og félagslegar aðstæður hópsins voru skoðaðar. Rannsóknin var unnin í samvinnu við Nýsköpunarsjóð námsmanna og Velferðarsvið Reykjavíkurborgar og byggir á stefnumótun í málefnum utangarðsfólks sem samþykkt var haustið 2008 af velferðaráði. Aldrei áður hefur sambærileg rannsókn verið gerð hérlandis og því er um frumkvöðlastarf að ræða. Rannsóknin byggist á megindlegri aðferð þar sem notast var við spurningalista og úrvinnslu í tölfræðiforritinu SPSS. Lagðir voru fyrir sérstakir spurningalistar um heilsufar og félagslegar aðstæður fyrir þá einstaklinga er töldust utangarðs og/eða heimilislausir. Velferðarsvið Reykjavíkurborgar, Reykjavíkurdeld Rauða kross Íslands, Fangelsismálastofnun ríkisins, Hjálpræðisherinn, Samhjálp og Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu komu að kortlagningunni með því að fylla út þar til gert eyðublað. Niðurstöður vettvangsrannsóknar sýndu meðal annars að stór hluti hópsins átti við áfengis- og/eða vímuefnavanda að glíma og félagleg tengsl einstaklinganna voru oftar en ekki slæm. Tæpur helmingur átti við geðræn veikindi að stríða og hátt í 70% voru greindir með líkamlegan sjúkdóm. Við kortlagningu hópsins kom í ljós að um fjórðungur hópsins var konur og meðalaldur var 41 ár. Flestir bjuggu við ótryggar aðstæður inni á vinum og ættingjum ásamt því að gista í neyðarskýlum. Mest nefnda ástæðan fyrir því að einstaklingur væri utangarðs eða heimilislaus var áfengis- og/eða vímuefnamisnotkun ásamt geðrænum vandamálum.

<b>YFIRLIT YFIR TÖFLUR OG MYNDIR.....</b>	<b>3</b>
<b>INNGANGUR .....</b>	<b>5</b>
SKILGREINING Á HEIMILISLEYSI .....	6
<i>Heimilisleysi og það að vera utangarðs.....</i>	6
<i>Skilgreiningin á Íslandi .....</i>	6
<i>ETHOS .....</i>	7
RANNSÓKNIR .....	8
<i>Kortlagning heimilislausra.....</i>	8
<i>Aðrar íslenskar rannsóknir á heimilisleysi og utangarðsfólki.....</i>	8
<i>Erlendar rannsóknir .....</i>	10
HÚSNÆÐISÚRRÆÐI FYRIR UTANGARÐSFÓLK OG HEIMILISLAUSA Í REYKJAVÍK .....	11
ÖNNUR ÞJÓNUSTA VIÐ UTANGARÐSFÓLK OG HEIMILISLAUSA Í REYKJAVÍK .....	12
<b>AÐFERÐ.....</b>	<b>13</b>
UNDIRBÚNINGUR .....	13
FRAMKVÆMD.....	13
RANNSÓKNARAÐFERÐ OG MÆLITÆKI .....	14
ÞÝÐI OG ÚRTAK.....	14
ÞÁTTTAKENDUR.....	15
GAGNASÖFNUN.....	15
TAKMARKANIR OG SIÐFRÆÐI .....	15
SKRÁNING OG ÚRVINNSLA .....	16
<b>NIÐURSTÖÐUR VETTVANGSRANNSÓKNAR.....</b>	<b>17</b>
BAKGRUNNSUPPLÝSINGAR .....	17
ALMENNAR GRUNNÞARFIR.....	19
FÉLAGSLEGT TENGLANET.....	21
HEILSA OG HEILBRIGÐISÞJÓNUSTA .....	24
<i>Líkamlegir sjúkdómar.....</i>	24
<i>Geðsjúkdómar .....</i>	25
<i>Notkun heilbrigðisþjónustu.....</i>	28
VÍMUEFNANOTKUN.....	29
OFBELDI OG AFBROT .....	31
<b>NIÐURSTÖÐUR KORTLAGNINGAR .....</b>	<b>34</b>
FJÖLDI, KYN OG ALDUR .....	34
<i>Einstaklingar með lögheimili utan Reykjavíkur.....</i>	35
ÞJÓÐERNI .....	35
BÚSETUADSTÆÐUR .....	36
HVERSU LENGI UTANGARÐS EÐA HEIMILISLAUS .....	37
HUGSANLEGAR ORSAKIR ÞESS AÐ FÓLK VARÐ UTANGARÐS EÐA HEIMILISLAUST.....	38
VÍMUEFNANOTKUN.....	40
ÞJÓNUSTA .....	41
<b>UMRÆÐA .....</b>	<b>42</b>
VETTVANGSRANNSÓKN .....	42
<i>Bakgrunnsupplýsingar.....</i>	42
<i>Grunnþarfir .....</i>	43
<i>Félagslegt tengslanet.....</i>	44
<i>Heilsa og heilbrigðisstofnanir.....</i>	45
<i>Vímuefnanotkun.....</i>	47
<i>Ofbeldi og afbrot .....</i>	47
KORTLAGNING Á UTANGARÐSFÓLKI Í REYKJAVÍK .....	49
<i>Fjöldi, kyn og aldur.....</i>	50
<i>Einstaklingar með lögheimili utan Reykjavíkur.....</i>	50
<i>Þjóðerni .....</i>	51
<i>Búsetuadstæður .....</i>	52
<i>Hversu lengi utangarðs eða heimilislaus .....</i>	53
<i>Hugsanlegar orsakir þess að verða utangarðs eða heimilislaus.....</i>	53

<i>Vímuefnanotkun</i> .....	53
<b>UPPLIFUN RANNSAKENDA Á VETTVANGI</b> .....	<b>55</b>
EINSTAKLINGARNIR .....	56
<b>HEIMILDASKRÁ</b> .....	<b>58</b>
<b>VIÐAUKAR</b> .....	<b>61</b>

## Yfirlit yfir töflur og myndir

### Töflur

Tafla 1	Kynjahlutfall.....	17
Tafla 2	Aldur í árum.....	17
Tafla 3	Hjúskaparstaða.....	18
Tafla 4	Menntun.....	18
Tafla 5	Tekjur.....	18
Tafla 6	Áttu barn/börn?.....	22
Tafla 7	Hversu marga nána vini áttu?.....	23
Tafla 8	Upplifir þú þig einmana?.....	24
Tafla 9	Skipting líkamlegra sjúkdóma.....	24
Tafla 10	Skipting geðsjúkdóma.....	26
Tafla 11	Hefur þú greinst með eitthvað af eftirtöldu?.....	26
Tafla 12	Hefur þú íhugað sjálfsvíg einhvern tímann á lífsleiðinni?.....	27
Tafla 13	Hefur þú gert tilraun til sjálfsvígs einhvern tímann á lífsleiðinni?.....	28
Tafla 14	Hvernig upplifir þú eigið heilbrigði?.....	28
Tafla 15	Hefur þú nýtt þér einhverja af eftirfarandi heilbrigðisþjónustu á síðastliðnu ári?.....	28
Tafla 16	Notar þú einhver vímuefni (fíkniefni, áfengi eða tóbak)?.....	29
Tafla 17	Hefur þú á síðastliðnum 30 dögum notað eftirfarandi vímuefni?.....	30
Tafla 18	Hefur þú farið í áfengis- eða vímuefnaferð.....	31
Tafla 19	Hefur þú orðið fyrir andlegu ofbeldi á síðastliðnum 6 mánuðum?.....	31
Tafla 20	Hversu oft hefur þú orðið fyrir andlegu ofbeldi á síðastliðnum 6 mánuðum?.....	31
Tafla 21	Hefur þú gert hluti sem þú vildir ekki gera fyrir mat, gistingu, fíkniefni, áfengi, klæðnað eða annað?.....	32
Tafla 22	Hefur þú gist í fangageymslu lögreglunnar eina eða fleiri nætur síðastliðna 6 mánuði?.....	32
Tafla 23	Kynjahlutfall í kortlagningu.....	34
Tafla 24	Aldur í árum í kortlagningu.....	34
Tafla 25	Hversu lengi utangarðs/heimilislaus?.....	37
Tafla 26	Hugsanlegar orsakir þess að fólk var utangarðs/heimilislaust.....	38
Tafla 27	Kyn og ástæður þess að fólk er utangarðs/heimilislaust.....	39
Tafla 28	Neysla áfengis og/eða vímuefna að staðaldri.....	40

### Myndir

Mynd 1	Búsetuaðstæður síðastliðna 3 mánuði.....	19
Mynd 2	Kyn og búsetuaðstæður.....	20
Mynd 3	Samband við upprunafjölskyldu.....	21
Mynd 4	Kyn og samband við upprunafjölskyldu.....	22
Mynd 5	Kyn og fjöldi náinna vina.....	23
Mynd 6	Skipting líkamlegra sjúkdóma.....	25
Mynd 7	Skipting geðsjúkdóma.....	26
Mynd 8	Ýmsar greiningar.....	27
Mynd 9	Nýting á heilbrigðisþjónustu síðastliðið eitt ár.....	29
Mynd 10	Notkun áfengis tóbaks og fíkniefna að staðaldri (oftar en tvo daga í viku).....	30

Mynd 11	Ástæður þess að hafa gist í fangageymslu lögreglunnar.....	33
Mynd 12	Aldursdreifing.....	35
Mynd 13	Búsetuáðstæður út frá fjölda einstaklinga.....	36
Mynd 14	Búsetuáðstæður og kyn.....	37
Mynd 15	Hversu lengi utangarðs/heimilislaus og kyn.....	38
Mynd 16	Hugsanlegar orsakir þess að fólk verður utangarðs/heimilislaust.....	39
Mynd 17	Kyn og neysla áfengis- og/eða fíkniefna að staðaldri.....	40
Mynd 18	Neysla áfengis og/eða fíkniefna og kyn.....	41

## Inngangur

Stefna Reykjavíkurborgar í málefnum utangarðsfólks 2008-2012 var samþykkt í velferðarráði 9. september 2008 og í framhaldi af því í borgarráði. Í stefnunni kemur fram að brýnt sé að fá yfirsýn yfir fjölda og aðstæður utangarðsfólks og að rannsaka heilsufar og félagslegar aðstæður utangarðsfólks á Íslandi ásamt frekari tölulegum upplýsingum um fjölda, aldursamsetningu auk fleiri þátta. Leiða má líkum að því að framkvæmd þessara þátta stuðli að aukinni þekkingu á málefnum utangarðsfólks.

Rannsóknin var framkvæmd með það að markmiði að:

- Öðlast betri skilning á heilsufari og félagslegri stöðu þeirra sem teljast utangarðs og/eða heimilislausir með framkvæmd vettvangsrannsóknar.
- Fá ítarlegri upplýsingar um fjölda þeirra sem teljast utangarðs og/eða heimilislausir með kortlagningu.

Með rannsókninni er þessum tilteknu markmiðum Reykjavíkurborgar náð. Aldrei áður hefur verið framkvæmd kortlagning á utangarðsfólki í Reykjavík þar af leiðandi er um frumkvöðlastarf að ræða hvað það varðar. Rannsóknin gerir Velferðarsviði Reykjavíkurborgar einnig auðveldara fyrir að framkvæma slíkar kortlagningar í framtíðinni þar sem mikil undirbúningsvinna hefur nú þegar farið fram sem nýst getur seinna meir.

Við rannsóknina voru höfundar í samstarfi við samráðshóp um málefni utangarðsfólks. Í samráðshópnum eru auk fulltrúa Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, fulltrúar frá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, Samhjálp, Hjálparstarfi kirkjunnar, Landspítalanum háskólasjúkrahúsi Hringbraut og Reykjavíkurseild Rauða kross Íslands. Eins og fram kemur í markmiðsskjali samráðshópsins er markmið hans að bæta yfirsýn yfir málefni utangarðsfólks og auka samvinnu milli ólíkra faghópa, stofnana og félagsamtaka. Með samstarfinu vill hópurinn finna leiðir til að byggja upp heilbrigðis- og félagsþjónustu við utangarðsfólk og ennfremur leitast við að greina áhættuþætti sem leiða til útigangs og finna leiðir til að sporna gegn honum (Markmiðsskjal samráðshóps um málefni utangarðsfólks 18 ára og eldri, 2009).

## Skilgreining á heimilisleysi

Heimilið er sá griðarstaður þar sem einstaklingar eiga tilkall til öryggis og friðar frá lífinu á götunni. Þrátt fyrir að heimili sé í huga flestra ákveðinn staður er mikilvægt að átta sig á teygjanleika hugtaksins heimili. Mörkin á milli þess að eiga heimili og vera heimilislaus eru óljós og á sífelltri hreyfingu sem gerir það að verkum að ekki aðeins á hinn heimilislaus erfitt með að skilgreina sjálfan sig og staðsetja hvað heimilisleysi varðar heldur einnig rannsakandinn og stefnumótandinn sem tekur á málefnum þessa hóps (Wardhaugh, 2000).

Rannsóknir sýna að heimilislausir hafa margvíslegan bakgrunn þrátt fyrir að ímynd hins heimilislausa sé á Íslandi sem og annars staðar í hinum vestræna heimi hvítur miðaldra karlmaður (Glasser og Bridgman, 1999). Það að vera heimilislaus getur haft ýmsar alvarlegar afleiðingar. Sem dæmi má nefna þá eru afbrot og kynferðisleg misnotkun oft fylgifiskar harðrar lífsbaráttu fyrir jafnt konur sem karla (Wardhaugh, 2000). Margir hinna heimilislausu glíma ennfremur við margvísleg líkamleg og geðræn heilsufarsvandamál. Þar má einna helst nefna þunglyndi, alkóhólisma, og önnur líkamleg vandamál tengd erfiðum og oft á tíðum harkalegum lifnaðarháttum þeirra sem eru heimilislausir (Shlay og Rossi, 1992).

Hversu margir teljast til heimilislausra fer eftir hversu víðar skilgreiningar eru notaðar við talningu þeirra (Glasser og Bridgman, 1999). Svo hægt sé að koma til móts við þann hóp einstaklinga sem er heimilislaus er mikilvægt að skilgreina hverjir teljast til heimilislausra. Ennfremur er mikilvægt að skilgreina þarfir hópsins svo hægt sé að þróa úrræði sem henta honum.

### *Heimilisleysi og það að vera utangarðs*

Hugtökin utangarðs og heimilisleysi tengjast óhjákvæmilega því þeir sem eru utangarðs í samfélaginu geta líka verið heimilislausir. Þar af leiðandi hefur heimilisleysi verið skilgreint þar sem það er mikilvægur hluti af kortlagningu utangarðsfólks, svo hægt sé að fá skýrari mynd af stöðu hópsins. Eins er vert að nefna að flestar erlendar rannsóknir fjalla um heimilisleysi og verða niðurstöður því bornar saman við rannsóknir á heimilisleysi.

### *Skilgreiningin á Íslandi*

Á Íslandi var opinber skilgreining á heimilisleysi fyrst sett fram árið 2005 en fram að þeim tíma höfðu skilgreiningar á hugtakinu verið nokkuð á reiki. Forsaga þess var sú að í framhaldi af umræðum á Alþingi vorið 2004 um aðstæður heimilislausra ákvað þáverandi



félagsmálaráðherra Árni Magnússon að stofna samráðshóp sem falið var að fjalla um aðstæður heimilislausra á höfuðborgarsvæðinu. Í hópinn voru skipaðir fulltrúar fjölmennustu sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu auk fulltrúa dómsmálaráðuneytis, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis og félagsmálaráðuneytis. Verkefni hópsins var samkvæmt skipunarbréfi „að komast að sameiginlegri niðurstöðu um skilgreiningu á hugtakinu heimilisleysi, taka saman yfirlit yfir þann fjölda einstaklinga sem fellur undir skilgreininguna og við hvaða aðstæður þeir búa. Í framhaldi skal hópurinn setja fram áætlun um samstillt viðbrögð til að koma í veg fyrir heimilisleysi á höfuðborgarsvæðinu.“ (Félagsmálaráðuneytið, 2005). Árið 2005 birti samráðshópurinn eftirfarandi skilgreiningu á heimilisleysi:

*Húsnæðislaus er sá sem ekki hefur aðgang að hefðbundnu húsnæði, hann hefur ekki húskjól að staðaldri á sama stað og gistir þar sem kostur er hverja nótt, þar með talið í gistiskýli, á gistiheimili eða inni á öðru fólki. Þeir sem koma úr tímabundnu húskjóli, svo sem úr fangelsi eða úr vímuefnaeðferð, eiga sögu um margháttada húsnæðis- og félagslega erfðleika og eiga ekki tryggt húskjól einum til tveimur mánuðum áður en þeir fara úr hinu tímabundna húsnæði, eru taldir hér með (Félagsmálaráðuneytið, 2005).*

## **ETHOS**

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur sett fram skilgreiningu á heimilisleysi. ETHOS skilgreiningin<sup>1</sup> skilgreinir margvíslegar aðstæður sem flokkast undir heimilisleysi. Um er að ræða mjög breiða skilgreiningu sem tekur tillit til ákveðinna þátta sem falla undir jafnt heimilisleysi og *housing exclusion*. Rannsakendur þýddu þessa skilgreiningu og staðfærðu. Í rannsókninni var stuðst við sex af þrettán hlutum ETHOS skilgreiningarinnar á heimilisleysi (sjá viðauka 1).

---

<sup>1</sup> European typology of homelessness and housing exclusion.

## Rannsóknir

### *Kortlagning heimilislausra*

Samkvæmt upplýsingaöflun félagsmálaráðuneytisins 2005 voru 49 einstaklingar taldir vera heimilislausir á höfuðborgarsvæðinu. Þar af voru 5 konur en flestir þessara einstaklinga voru karlmenn á aldrinum 30 til 50 ára. Ennfremur kom fram í skýrslu félagsmálaráðuneytisins að á milli 45 og 55 manns væru heimilislausir á hverjum tíma í Reykjavík (Félagsmálaráðuneytið, 2005).

Ekki eru allir á eitt sáttir við þessar tölur og sumir telja að þær gefi ranga mynd af fjölda heimilislausra og þá sérstaklega fjölda kvenna í hópnum. Sem dæmi má nefna að samkvæmt þarfagreiningu sem Reykjavíkurdæld Rauða krossins, í samstarfi við Félagsþjónustuna í Reykjavík, lét gera árið 2001 var talið að fjöldi heimilislausra kvenna væri að minnsta kosti 20 í Reykjavík (Rauði kross Íslands, 2003).

Árið 2003 taldi Samtök áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann [SÁÁ] að um 34 heimilislausar konur kæmu árlega í meðferð á SÁÁ. Talsmaður SÁÁ taldi að margar þessara kvenna væru ekki skráðar eða skilgreindar sem húsnæðislausar þar sem þær fengju oft að liggja inni á öðrum sem veitti þeim tímabundið skjól. Sama ár taldi lögreglan í Reykjavík að 18 konur væru heimilislausar en tekið var sérstaklega fram að talan væri hugsanlega hærrí vegna þess að konur ættu auðveldara með að koma sér í tímabundið húsnæði (Rauði kross Íslands, 2003).

Þessar tölur sýna að ef fjöldi heimilislausra kvenna er hærrí en talning félagsmálaráðuneytisins árið 2005 gefur til kynna er líklegt að fjöldi heimilislausra karla sé einnig eitthvað hærrí. Það er að segja að því gefnu að fjöldi heimilislausra standi nokkurnvegin í stað ár frá ári. Þó verður að hafa í huga að ekki er nákvæmlega vitað hvaða skilgreiningu á heimilisleysi var stuðst við í þarfagreiningu Reykjavíkurdeldar Rauða krossins eða í talningu SÁÁ og lögreglunnar.

### *Aðrar íslenskar rannsóknir á heimilisleysi og utangarðsfólki*

Lokaverkefni Guðrúnar Haraldsdóttur, Kristínar Ingu Grímsdóttur og Þórunnar Pálsdóttur (2004) til BS prófs í hjúkrunarfræði fjallaði um heilsufar, félagslegar aðstæður og þjónustufarir heimilislausra í Reykjavík og fól í sér tólf opin viðtöl við heimilislausa í Reykjavík. Þátttakendur í rannsókninni höfðu verið heimilislausir frá sex mánuðum og upp í 15 ár og töldu þeir einstaklingar sem rætt var við megin ástæðuna fyrir heimilisleysinu vera

áfengis- og vímuefnaneyslu. Einnig kom fram í rannsókninni að allir þátttakendur byrjuðu að neyta áfengis á unglingsaldri. Flestir karlkyns viðmælendurnir nýttu sér þjónustu Gistiskýlisins en ennfremur nefndu þeir aðra gististaði eins og yfirgefin hús, hjólageymslur, stigaganga, báta, kirkjugarða, fangelsi, úti við í svefnpoka og jafnvel í hitastokkum fjölbýlishúsa. Allir viðmælendur nema einn sögðust eiga fjölskyldu. Flestir sögðu þó að samband sitt við fjölskylduna væri frekar lítið. Níu einstaklingar í rannsókninni áttu börn, þar af áttu sex þeirra börn undir 18 ára aldri. Allir þátttakendur í rannsókninni áttu við áfengisvanda að stríða og fjórir þeirra glímdu við geðsjúkdóma. Allir þátttakendur sögðust hafa beitt ofbeldi og töldu þeir það vera hluta af lífinu á götunni. Ellefu þeirra sögðust hafa fengið dóm, m.a. fyrir ölvunarakstur, fjársvik, skjalafals, þjófnað, fíkniefnabrot, fíkniefnainnflutning og ofbeldi. Helmingur þátttakenda hafði reynt að svipta sig lífi og tveir þeirra höfðu íhugað það. Rannsakendur þessarar rannsóknar töldu að rannsókn lokinni, eftir að hafa rætt við lögreglumann, starfsmenn Félagsþjónustunnar og Samhjálpur að 40-60 einstaklingar væru heimilislausir í Reykjavík, þar af 10-15 konur.

Helga Þórey Björnsdóttir mannfræðingur hefur gert tvær rannsóknir á sviði heimilisleysis hérlendis. Fyrsta rannsókn hennar var lokaritgerð til BA prófs í mannfræði árið 2002 og nefnist hún *Fólk eins og við : ímynd heimilislausra í orðræðunni*. Lokaritgerð Helgu Þóreyjar til meistaraþrófs í mannfræði árið 2004 nefnst "*Við útigangarnir" : sjálfsmyndin í orðræðum heimilislauss fólks*. Markmið Helgu Þóreyjar með seinni rannsókninni var að leitast við að skilja og greina hvernig heimilislausir einstaklingar takast á við sjálfa sig í daglegu lífi, bæði með orðum og athöfnum. Helga Þórey telur að jaðarstaða heimilislausra takmarki ákaflega möguleika þeirra til að breyta lífi sínu og umhverfi. Eins vill Helga Þórey meina að með því að kalla hópinn utangarðsfólk sé verið að undirstrika það að einstaklingarnir séu utangarðs í samfélaginu og áherslan er því á ófullkomleika þeirra í stað þess að horfa til einstaklingsins sem býr við skelfilegar og niðurlægjandi aðstæður (Félagsmálaráðuneytið, 2005).

Lokaverkefni Herdísar Rannveigar Eiríksdóttur og Rannveigar Marvinsdóttur til BS prófs í hjúkrunarfræði (2009) nefnist *Heilbrigðisþarfir heimilislausra kvenna* og vildu þær með rannsókninni kanna hverjar heilbrigðisþarfir heimilislausra kvenna á höfuðborgarsvæðinu væru. Ennfremur vildu þær skoða hvort heimilislausar konur nýttu sér heilbrigðisþjónustuna og hvernig væri hægt að mæta þörfum þessa hóps betur. Tekin voru viðtöl við átta heimilislausar konur og niðurstöðurnar sýndu að þáttakendurnir leituðu í einhverjum mæli eftir þjónustu, og þá einna helst á bráða og slysadeild Landspítalans, þegar mikil eða bráð veikindi báru að. Í ljós kom að helstu heilbrigðisvandamál þátttakendanna

voru öndunarfærasjúkdómar, hjarta- og æðasjúkdómar og þunglyndi. Það sem hindraði þátttakendur í að nýta sér heilbrigðisþjónustuna voru bæði kostnaður og fordómar. Rannsakendurnir ályktuðu að mikilvægt væri að koma á sérhæfðri nærþjónustu fyrir heimilislausa þar sem hún gæti dregið úr notkun á bráða- og slysaþjónustu. Nærþjónustan myndi þá auka eftirlit með heimilislausum og bæta heilsufar þeirra.

Innan Háskóla Íslands er að finna nokkur önnur lokaverkefni sem tengjast heimilisleysi. Má þar nefna lokaverkefni Birnu Brynjarsdóttir og Írisar Bjargar Hilmarsdóttur í félagsráðgjöf (2008); *Samanburður á heimilum fyrir heimilislausa að Njálsgötu 74 og Miklubraut 20: lífsgæði heimilismanna og almennings á Íslandi*, lokaverkefni Mörthu Kristínar Pálmadóttur í uppeldis- og menntunarfræði (2007); *Konurnar í “Kotinu”*: um heimilislausar konur á Íslandi, lokaverkefni Arons Inga Guðmundssonar í félagsfræði (2006); *Heimilislausir í Reykjavík: svartir sauðir eða vanræktir þegnar?*, lokaverkefni Helenu Bjargar Breiðfjörð í félagsfræði (1997); *Lífið á götunni: Rannsókn á heimilislausum unglíngum í Reykjavík*, og námsritgerð Magnhildar Sigurðardóttur og Margrétar Eiríksdóttur í hjúkrunarfræði (1993); *“Upplifun og reynsla geðsjúkra af heimilisleysi”*.

Eins og sjá má á þessari upptalningu má segja að svo til allar þær rannsóknir sem gerðar hafa verið hérlendis á heimilisleysi tengist nær eingöngu lokaverkefnum á háskólastigi. Vissulega er upptalningin hér að ofan ekki tæmandi en nefndar hafa verið helstu rannsóknirnar á þessu sviði.

### *Erlendar rannsóknir*

Fjölmargar erlendar rannsóknir hafa verið gerðar á fjölda heimilislausra, orsökum heimilisleysis og afleiðingum þess á einstaklinginn. Við gerð þessarar rannsóknar var ákveðið að hafa til hliðsjónar danskar og norskar rannsóknir. Um er að ræða dönsku rannsóknirnar *SUSY UDSAT: Sundhedsprofil for socialt udsatte i Danmark 2007* (Pedersen, Hesse og Curtis, 2008) og *Hjemløshed i Danmark 2007* (Benjaminsen og Christensen, 2007) og norsku rannsóknina *Bostedsløse i Norge 2008 – en kartlegging* (Dyb og Johannessen, 2009). Ástæðan að baki þess að skoða eingöngu danskar og norskar rannsóknir var sú að staða heimilislausra og aðstæður þeirra hérlendis eru einna helst líkastar því sem gengur og gerist á Norðurlöndunum.

Hugmyndir að spurningum sem lagðar voru fyrir í vettvangsrannsókninni voru fengnar í *SUSY UDSAT*. Danska rannsóknin nær til allra þeirra sem skilgreindir eru sem félagslega illa staddir og nær hún því til mun stærri hóps en ekki eingöngu þeirra sem eru heimilislausir.

Þeir sem voru skilgreindir sem félagslega illa staddir voru einstaklingar á borð við fatlaða, fátæka, áfengissjúklinga og heimilislausa. Þar komu fram ýmsar áhugaverðar spurningar sem féllu vel að þeim markmiðum sem sett höfðu verið með þessari rannsókn. Því var töluvert af spurningum úr *SUSY UDSAT* notaðar til hliðsjónar við gerð spurningalistans fyrir vettvangsrannsóknina.

Í rannsókninni *Hjemløshed i Danmark 2007* fengust hugmyndir að þeim spurningalista sem lagður var fyrir þátttakendur í kortlagningunni sjálfri. Danska rannsóknin var að vísu mun yfirgripsmeiri en þessi tiltekna rannsókn þar sem spurningalisti var sendur til allra félagasamtaka og stofnana í Danmörku sem hugsanlega hefðu upplýsingar um einstaklinga sem teldust vera heimilislauisir.

## **Húsnæðisúrræði fyrir utangarðsfólk og heimilislauis í Reykjavík**

Áhugavert er að skoða hvers kyns úrlausnir eru í boði hvað varðar húskaskjól fyrir þá sem eru utangarðs í Reykjavík.

Samhjálp rekur með samningi við Velferðasvið Reykjavíkurborgar eitt heimili fyrir heimilislauis og er það langtímabúsetuúrræði fyrir allt að átta heimilislauis karlmenn. Það hóf rekstur árið 2002 og er sértækt búsetuúrræði fyrir þá sem ekki geta keypt sér eða leigt á hinum almennua markaði vegna langvarandi félagslegra erfiðleika og/eða vímuefna-og áfengisvanda. Annað langtímaheimili fyrir heimilislauis karlmenn var opnað árið 2007 og er það rekið af Velferðarsviði Reykjavíkurborgar. Árið 2008 dvöldu níu einstaklingar á heimilinu (Reykjavíkurborg<sup>b</sup>, 2009).

Árið 2008 voru opnað svokölluð smáhýsi en um er að ræða fjögur færanleg smáhýsi sem ætlað er að hýsa einstaklinga eða pör. Tilgangurinn með hýsunum var að útvega heimilislauisum húsnæði sem þeir gætu búið í á sínum eigin forsendum. Ennfremur var ætlunin að koma til móts við þann hóp heimilislauisra sem hingað til hafði gengið erfiðlega að útvega samastað (Reykjavíkurborg<sup>b</sup>, 2009).

Gistiskýlið opnaði árið 1969 og er nú rekið af Samhjálp á grunni þjónustusamnings við Velferðarsvið Reykjavíkurborgar. Gistiskýlið er athvarf en ekki langtíma heimili og er opið allan sólarhringinn (Reykjavíkurborg<sup>b</sup>, 2009). Samkvæmt Birnu Siguðardóttur félagsráðgjafa á Velferðarsviði Reykjavíkurborgar er markmiðið með rekstri þess að veita heimilislauisum Reykvíkingum næturgistingu og samastað í skamman tíma meðan verið er að vinna að lausn á vanda þeirra. Gert er ráð fyrir að dvalargestir séu í tengslum við

félagsráðgjafa á þjónustumiðstöðvum ef um ítrekaða dvöl er að ræða. Árið 2008 dvöldu 129 gestir í Gistiskýlinu í samtals 5.684 nætur og er meðaldvalartími gesta 44 nætur (Reykjavíkurborg<sup>b</sup>, 2009).

Konukot er næturathvarf sem rúmar átta heimilislausar konur. Það var opnað af Rauða krossi Íslands haustið 2004 og sér nú Velferðarsvið Reykjavíkurborgar um rekstrarkostnaðinn samkvæmt þjónustusamningi og Reykjavíkurdeild Rauða krossins um reksturinn<sup>2</sup>. Konukot er neyðarskýli en ekki langtímadvalarstaður og má segja að fyrir heimilislausar konur séu enn sem komið er engin langtímaúrræði í boði.

### **Önnur þjónusta við utangarðsfólk og heimilislauða í Reykjavík**

Ýmislegt er í boði í Reykjavík fyrir heimilislauða, þá sem eru félagslega illa staddir og þá sem eiga við geðræn vandamál að stríða. Hér verður einungis talinn upp hluti af þeirri þjónustu sem er í boði.

Dagsetur Hjálpræðishersins opnaði árið 2007 og er opið alla daga frá klukkan 13 til 18. Þar starfar félagsráðgjafi á vegum Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar og sér um þann hluta starfsins er kallast Iðjan. Í Dagsetrinu gefst fólki meðal annars tækifæri á að fá sér að borða, fara í sturtu, fá fót snyrtingu, þvo fötin sín, hvílast og ræða við félagsráðgjafa<sup>3</sup>.

Kaffistofa Samhjalpar opnaði árið 1982 og hefur verið til húsa í Borgartúni 1 frá árinu 2007. Kaffistofan er fyrir utangarðsfólk og aðra aðstöðulausa og eru að jafnaði um 70 heimsóknir á degi hverjum. Kaffistofan er opin alla daga vikunnar og þar geta þeir sem vilja fengið heita súpu að vild og smurt brauð án endurgjalds, eða heitan málsverð ef svo ber undir. Velferðarsvið Reykjavíkurborgar stendur undir rúmlega helmingi kostnaðar við rekstur kaffistofunnar samkvæmt sérstökum þjónustusamningi<sup>4</sup>.

Vin er eitt af átta athvörfum sem rekin eru á landinu af Rauða krossi Íslands fyrir fólk með geðraskanir. Markmiðið með athvarfinu er meðal annars að rjúfa félagslega einangrun fólks og draga úr endurinnlögnum á geðdeildir<sup>5</sup>.

Geðhjálp er einnig með aðstöðu fyrir þá sem eiga við geðræn vandamál að stríða. Félagsheimili samtakanna er opið alla daga og þar er boðið upp á mat ásamt fjölbreyttri dagskrá fyrir félag<sup>6</sup>.

<sup>2</sup> Tekið af vefsíðu Rauða kross Íslands (redcross.is): Innanlandsverkefni: Konukot. Skoðað 4.mars 2009.

<sup>3</sup> Tekið af vefsíðu Hjálpræðishersins (herinn.is): Starf Hjálpræðishersins: Dagsetur í Reykjavík. Skoðað 28.júlí 2009.

<sup>4</sup> Tekið af vefsíðu Samhjalpar (samhjalp.is): Kaffistofan. Skoðað 28.júlí 2009.

<sup>5</sup> Tekið af vefsíðu Rauða kross Íslands (redcross.is): Innanlandsverkefni: Geðheilsa. Skoðað 21.ágúst 2009.

## Aðferð

### Undirbúningur

Undirbúningur rannsóknarinnar hófst á Velferðarsviði Reykjavíkurborgar, þegar sótt var um styrk til Nýsköpunarsjóðs námsmanna. Höfundar<sup>7</sup> voru síðan ráðnir til að sjá um framkvæmd verkefnisins með stuðningi og aðstoð ábyrgðarmanna þeirra Guðrúnar Reykdal deildarstjóra rannsókna og þjónustumats og félagsráðgjafa og Birnu Sigurðardóttur félagsráðgjafa og verkefnisstjóra á skrifstofu Velferðarsviðs. Höfundar skrifuðu undir trúnaðarskyldu starfsmanna Reykjavíkurborgar og fengu vinnuáðstöðu hjá Velferðarsviði Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14. Vinna við rannsóknina fór fram frá júní 2009 fram í byrjun september 2009.

### Framkvæmd

Fyrri hluti rannsóknarinnar var vettvangsrannsókn en í henni voru tekin viðtöl við utangarðsfólk og spurt út í félagslegar aðstæður, heilsufar og almennar grunnþarfir (sjá spurningalista í viðauka 2). Seinni hluti rannsóknarinnar var kortlagning á fjölda utangarðsfólks í Reykjavík. Í þeim hluta var unnið í samstarfi við þjónustumiðstöðvar Reykjavíkurborgar, samráðshóp um málefni utangarðsfólks auk Fangelsismálastofnunar og Hjálpræðishersins. Þessum aðilum var sent bréf þar sem rannsóknin var kynnt nánar ásamt skilgreiningu á þeim hópi sem ætlunin var að kortleggja (sjá viðauka 3). Ennfremur fylgdi bréfinu fylgiskjal 1 (sjá viðauka 4) sem óskað var eftir að viðeigandi aðilar innan stofnunarinnar eða félagasamtakanna fylltu út. Þannig fengust fyrir kortlagninguna sjálfa upplýsingar um þá einstaklinga sem töldust til utangarðsfólks í Reykjavík og tengdust þeim stofnunum og félagasamtökum er um ræðir. Persónuvernd samþykkti einungis að stofnanirnar og félagasamtökin gæfu rannsakendum fæðingarmánuð og fæðingaár, ásamt kyni þeirra einstaklinga sem talið væri að féllu undir skilgreiningu rannsóknarinnar. Ástæða þess að ekki fékkst leyfi fyrir kennitölusöfnun á milli stofnana var sú að Persónuvernd taldi slíkt ekki standast lög um persónuvernd. Með því að notast við kennitölur töldu rannsakendur að

---

<sup>6</sup> Tekið af vefsíðu Gedhjalpar (gedhjalp.is): Starfsemi á Túngötu. Skoðað 21.ágúst 2009.

<sup>7</sup> Höfundar eru Elín Sigríður Gunnsteinsdóttir og Erla Guðrún Sigurðardóttir. Elín hefur lokið BA gráðu í ensku og félagsfræði við Háskóla Íslands, MA gráðu í félagsfræði frá Erasmus Háskólanum í Rotterdam, Hollandi og diplóma námi í afbrotufræði við Háskóla Íslands. Erla er í MA námi í félagsráðgjöf til starfsréttinda í Háskóla Íslands og mun ljúka því vorið 2010.

betur mætti koma í veg fyrir tvítalningu einstaklinga. Með því að notast við fæðingarmánuð og ár var engu að síður hægt að kortleggja hópinn án tvítalningar, að því sem best er vitað.

### **Rannsóknaraðferð og mælitæki**

Notast var við meginlega aðferð í rannsókninni. Markmið meginlegra rannsókna er að safna tölulegum staðreyndum. Því er mikilvægt að ákveða fyrirfram hvað á að mæla (Neuman, 2006). Þegar notast er við meginlega aðferð er hægt að sýna fram á almennt mynstur í gögnum, sé það til staðar. Aðferðin hentar vel þegar verið er að skoða hluti sem hægt er að mæla, vega eða telja. Sum hugtök getur þó reynst erfitt að mæla og því er notast við ákveðna aðferðafræðilega kvarða til að skýra þá þætti betur (Sigurlína Davíðsdóttir, 2003).

Notast var við spurningakönnun, bæði í vettvangsrannsókninni og kortlagningunni. Spurningakannanir gera það mögulegt að safna fjölbreyttum gögnum á skömmum tíma. Mikilvægt var því að huga vel að gerð spurningarlistans þar sem markmiðið með honum var að fá sem flesta til að svara og því mikilvægt að þátttakendurnir í rannsókninni skildu nákvæmlega hvað við var átt í hverri spurningu (Þorlákur Karlsson, 2003).

### **Þýði og úrtak**

Úrtakið í vettvangsrannsókninni var í raun tvíþætt. Bæði var um markmiðsúrtak að ræða þar sem verið var að skoða ákveðinn hóp sem féll að ákveðinni skilgreiningu. Ennfremur var notast við hentugleikaúrtak til að nálgast þátttakendur en þegar kom að vettvangsrannsókninni var ekki til neinn tæmandi listi með nöfnum sem talist gat sem þýði. Ákveðið var að notast við hentugleikaúrtak þar sem það féll vel að þeim hópi sem rannsóknin beindist að sérstaklega þar sem erfitt er að nálgast utangarðsfólk á hefðbundinn hátt eins og í gegnum síma eða á heimili þess (Þórólfur Þórlindsson og Þorlákur Karlsson, 2003). Í vettvangsrannsókninni voru tekin viðtöl við 20 einstaklinga sem var 17% af þeim hópi einstaklinga sem taldist utangarðs í kortlagningunni.

Í þeim hluta rannsóknarinnar sem snéri að kortlagningunni á fjölda utangarðsfólks var úrtakið markmiðsúrtak. Markmiðið var að fá upplýsingar frá þeim aðilum innan Velferðarsviðs, stofnunum og félagasamtökum sem eru í Samráðshópi um málefni utangarðsfólks, Fangelsismálastofnun og Hjálpræðishernum sem höfðu vitneskju um einstaklinga er féllu undir þá skilgreiningu að teljast utangarðs eða heimilislausir.



## **Þátttakendur**

Þar sem skipta má rannsókninni í tvo hluta má segja að um tvo hópa þátttakenda sé að ræða. Í vettvangsrannsókninni fóru rannsakendur á þá staði sem bjóða upp á þjónustu fyrir heimilislausa í Reykjavík. Á tímabilinu 14. júlí til 5. ágúst 2009 voru tekin viðtöl við þátttakendur í Gistiskýlinu, Konukoti, Dagsetrinu og í samkomusal Hjálpræðishersins. Sex konur og fjórtán karlar á aldrinum 19-73 ára samþykktu að taka þátt í rannsókninni. Eftir að hafa kynnt þátttakendum rannsóknina var upplýst samþykkisblað (sjá viðauka 5) undirritað af bæði rannsakendum og þátttakanda. Allir nema þrír skrifuðu undir samþykkið. Einn treysti sér ekki vegna verkja í höndum og tveir vildu ekki gefa upp nafn sitt en samþykktu engu að síður að taka þátt og gerðu sér grein fyrir hvað í því fælist.

Í kortlagningunni veittu starfsmenn Velferðarsviðs upplýsingar um þá aðila sem féllu undir þá skilgreiningu sem notuð var á heimilisleysi. Alls bárust upplýsingar frá fimm af sex þjónustumiðstöðvum Reykjavíkurborgar. Þó ber að geta þess að ein þjónustumiðstöð hefur hvað mest með málaflokkinn að gera og því fengust oft upplýsingar þaðan um einstaklinga sem voru skráðir í hverfi annarra þjónustumiðstöðva. Ennfremur fengust í kortlagningunni upplýsingar frá Reykjavíkurdæld Rauða krossins, Samhjálp, Fangelsismálastofnun ríkisins, Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu og Hjálpræðishernum. Landspítali Háskólasjúkrahús var þó undanskilin þar sem ekki náðist að vinna að umsókn til vísindasiðanefndar í tæka tíð og því fengust engar upplýsingar þaðan auk Hjálparstarfs kirkjunnar sem ekki náðist í.

## **Gagnasöfnun**

Gagnasöfnun í vettvangsrannsókninni lauk 5. ágúst 2009 þegar síðasta viðtalið var tekið. Gögnin voru síðar færð inn í tölfræðiforritið SPSS og eytt að notkun lokinni.

Upplýsingar frá starfsmönnum Velferðarsviðs og þeirra aðila í samráðshópnum er tóku þátt í sjálfri kortlagningunni lágu fyrir í ágústlok 2009 og var þeim safnað í gagnagrunn sem unnið var úr.

## **Takmarkanir og siðfræði**

Öllum þátttakendum í vettvangsrannsókninni var kynnt rannsóknin, þeim gerð grein fyrir að þeir gátu neitað að svara einstökum spurningum og hætt þátttöku hvenær sem væri án þess að það hefði nein áhrif á stöðu þeirra né þá þjónustu sem þeir nytu. Í kjölfarið var þátttakendum boðið að taka þátt. Ef viðkomandi samþykkti þátttöku skrifaði hann undir

upplýsta samþykkisblaðið og þar með gengu rannsakendur út frá því að um væri að ræða frjálsa og óþvingaða þátttöku í rannsókninni. Hafa verður þó í huga að hugsanlegt er að einhverjir af þátttakendunum hafi ekki tekið meðvitaða ákvörðun að fullu þegar þeir ákváðu að taka þátt vegna geðrænna vandkvæða og/eða áfengis- og/eða vímuefnaneyslu. Í þessu samhengi er vert að taka fram að ekki var hægt að taka viðtöl við alla þá sem vildu taka þátt í rannsókninni þar sem það gat reynst of erfitt að eiga samskipti við þá vegna annarlegs ástands. Hins vegar verður að hafa í huga hver markhópur rannsóknarinnar er. Stór hluti hans er í virkri neyslu og þar af leiðandi urðu rannsakendur að vega og meta í hverju tilfelli fyrir sig hvort hægt væri að taka viðtalið eða ekki.

Með því að notast við hentugleikaúrtak er hætta á að ákveðinn hópur heimilislausra hafi ekki orðið á vegi rannsakenda og þar af leiðandi er hugsanlegt að úrtakið gefi ekki rétta mynd af þýðinu. Sem dæmi þá fóru rannsakendur einungis á þá staði sem veita þjónustu fyrir þá sem eru utangarðs í Reykjavík. Hugsanlegt er að einhver hópur heimilislausra nýti sér ekki þá þjónustu sem þar er í boði og þar af leiðandi er ekki hægt að nálgast þá á þessum stöðum.

Þrátt fyrir að rannsakendur hafi reynt að vinna rannsóknina eins hlutlaust og mögulegt var verður að hafa í huga að rannsóknin er lituð af gildismati rannsakandanna. Þeir ákveða hvað mælt er og hvernig það er mælt (Sigurlína Davíðsdóttir, 2003). Fyrirframgefnar hugmyndir rannsakenda um hópinn geta þar af leiðandi takmarkað rannsóknina að einhverju leyti.

### **Skráning og úrvinnsla**

Úrvinnsla gagna fór fram í SPSS tölfræðiforritinu. Úrvinnslan var gerð í formi lýsandi tölfræði, þannig fékkst einföld lýsing á gögnunum. Myndir og töflur spila stórt hlutverk í lýsandi tölfræði (Amalía Björnsdóttir, 2003).

## Niðurstöður vettvangsrannsóknar

Niðurstöður einstakra spurninga eru settar fram í tíðnitöflum og súluritum ásamt nánari útskýringum og athugasemdum. Alls 20 einstaklingar tóku þátt í rannsókninni. Sumir kusu að svara ekki einstaka spurningum og endurspeglast það í tíðnitöflum og súluritum sem sett eru fram í kaflanum.

Spurningalistanum má skipta í sex hluta: *bakgrunnsupplýsingar*, *grunnþarfir*, *félagslegt tengslanet*, *heilsu og heilbrigðisþjónustu*, *vímuefnanotkun* og *ofbeldi og afbrot*. Niðurstöðum verða því gerð skil út frá þessari skiptingu.

### Bakgrunnsupplýsingar

Lagt var upp með nokkrar bakgrunnsbreytur, aldur, kyn, menntun, hjúskaparstöðu, þjóðerni og hvaðan viðkomandi fengi tekjur.

Allir sverendur fyrir utan einn voru íslenskir að uppruna. Einn svarandanna var pólskur.

#### Tafla 1. Kynjahlutfall

	Fjöldi	%
<b>Kona</b>	6	30
<b>Karl</b>	14	70
<b>Samtals</b>	20	100

Alls tóku 6 konur þátt í rannsókninni og 14 karlar, kynjaskiptingin er því 30% konur og 70% karlar.

#### Tafla 2. Aldur í árum

	Fjöldi	%
<b>18 - 29</b>	2	10
<b>30 - 49</b>	9	45
<b>50 og eldri</b>	9	45
<b>Samtals</b>	20	100

Flestir þátttakendur voru eldri en 30 ára eða 90% þeirra. Meðalaldur þátttakenda var 47 ár.

**Tafla 3. Hjúskaparstaða**

	<b>Fjöldi</b>	<b>%</b>
<b>Gift/ur</b>	1	5
<b>Í sambúð</b>	1	5
<b>Fráskilin/n</b>	4	20
<b>Einhleyp/ur</b>	9	45
<b>Ekkja/ekkill</b>	2	10
<b>Í sambandi</b>	3	15
<b>Samtals</b>	20	100

Flestir þátttakenda voru einstæðingar eða 75% þeirra. Aðeins fimm þátttakendur voru giftir, í sambandi eða í sambúð.

**Tafla 4. Menntun**

	<b>Fjöldi</b>	<b>%</b>
<b>Kláraði ekki grunnskóla</b>	2	10,5
<b>Grunnsk./Gagnfr.próf</b>	7	36,8
<b>Fór í framhaldsskóla en kláraði ekki</b>	2	10,5
<b>Stúdentspróf</b>	2	10,5
<b>Iðnnám eða annað starfstengt nám</b>	5	26,4
<b>Háskólapróf</b>	1	5,3
<b>Samtals</b>	19	100

Alls 55% þátttakenda höfðu ekki klárað framhaldsskóla, hvorki stúdentspróf né annað iðnnám. 36% höfðu lokið stúdentsprófi eða iðnnámi. Tveir þátttakendur höfðu lokið stúdentsprófi og einn þátttakandi hafði lokið háskólaprófi.

**Tafla 5. Tekjur**

	<b>Fjöldi</b>	<b>%</b>
<b>Atvinnuleysisbætur</b>	1	5
<b>Lífeyrir</b>	4	20
<b>Örorkubætur</b>	11	55
<b>Fjárhagsaðstoð</b>	5	25
<b>Samtals</b>	20	100

Þegar spurt var hvaðan tekjur þátttakendanna kæmu sagðist enginn þeirra vera í launaðri vinnu. Ennfremur sagðist enginn fá lánað hjá vinum og ættingjum eða hafa tekjur sínar af afbrotum eða auðgunarbrotum. Flestir, eða 80%, voru á örorkubótum eða voru að þiggja fjárhagsaðstoð frá hinu opinbera.


## Almennar grunnþarfir

Þar voru þátttakendur spurðir út í svefn, matarræði, hreinlæti og búsetuaðstæður.

Flestir töldu sig fá nægan svefn á nóttunni eða 45% þeirra er svöruðu. 40% töldu sig oftast fá nægan svefn og 15% sögðust aldrei fá nægan svefn. Aðspurt hvort fólk upplifði sig úthvílt þegar það vaknaði sögðu 31% oftast, 26% sögðu stundum en 42% sögðust aldrei vera úthvíld/ur eftir nætursvefn.


Þegar kom að matarræði sögðust flestir eða 70% fá heita máltíð nánast á hverjum degi. Aðeins 10% þeirra sem svöruðu sögðust fá heita máltíð sjaldnar en vikulega. Helmingur svarenda sagðist aldrei borða morgunmat og 25% sögðust borða morgunmat á hverjum morgni. Flestir eða 68% töldu sig fá nóg að borða yfir daginn og 10,5% sögðu svo aldrei vera.

Varðandi hreinlæti þá sögðust 85% svarenda komast í sturtu eða bað jafnoft og þörf væri á og sama hlutfall var um að ræða þegar spurt var um aðgang að hreinum fatnaði.



**Mynd 1. Búsetuaðstæður síðastliðna 3 mánuði.**

Þrír þátttakendur sögðust vera á götunni. Tíu þátttakendur sögðust nýta sér þjónustu Gistiskýlisins og Konukots, fjórir sögðust vera í langtímabúsetuúrræði og þrír bjuggu við ótryggar aðstæður inni á vinum og/eða ættingjum.




### Mynd 2. Kyn og búsetuaðstaður

Af þeim konum sem tóku þátt í rannsókninni bjó engin þeirra á götunni, flestar nýttu sér þjónustu gistiskýla á næturnar eða um 67% þeirra, á móti 43% karlanna. Af þátttakendum sem bjuggu í langtímabúsetuúrræði voru þrír karlmenn og ein kona.


### Félagslegt tengslanet

Spurt var út í samband við upprunafjölskyldu (foreldrar, systkini og frændfólk), hvort viðkomandi ætti barn eða börn og hvernig það samband væri. Spurt var út í vini, einmanaleika og hvort viðkomandi sækti einhverja tiltekna staði til að hitta annað fólk.



**Mynd 3. Samband við upprunafjölskyldu**

Helmingur svarenda sagði ekkert samband vera við upprunafjölskyldu, 15% sögðu sambandið vera lélegt, 20% sæmilegt og aðeins 15% sögðu það vera gott.



#### Mynd 4. Kyn og samband við upprunafjölskyldu

Talsverður munur var á körlum og konum í þessu sambandi en rétt meira en 70% karlanna sögðu samband sitt við upprunafjölskyldu vera lélegt eða ekkert samband á móti 50% kvennanna. Konur sögðu samband sitt við upprunafjölskyldu vera gott eða sæmilegt í um 50% tilfella á móti 30% karla.

#### Tafla 6. Áttu barn/börn?

	Fjöldi	%
Já	12	60
Nei	8	40
Samtals	20	100

Meira en helmingur svarenda átti barn eða börn. Flestir áttu eitt barn eða 20%, 15% áttu tvö börn, 10% þrjú börn og 15% áttu fjögur eða fleiri börn. Frekar jafnt er á milli kynja varðandi börn, 66% kvenna áttu börn á móti 57% karla.


Þegar spurt var hversu oft þeir sem ættu börn hittu þau að meðaltali í mánuði kom í ljós að 75% þeirra sem áttu börn hittu þau aldrei og 25% þeirra sem áttu börn hittu þau allt frá einu sinni í mánuði og upp í vikulega.



**Tafla 7. Hversu marga nána vini átt þú?**

	<b>Fjöldi</b>	<b>%</b>
<b>5 eða fleiri</b>	7	35
<b>3-4</b>	3	15
<b>1-2</b>	6	30
<b>Engan</b>	4	20
<b>Samtals</b>	20	100

Þegar spurt var um vini var áherslan lögð á þá sem væru í innsta hring, og fólk beðið að telja upp þá sem það gat treyst. Helmingur þátttakenda átti tvo eða færri vini og 20% áttu enga vini.



**Mynd 5. Kyn og fjöldi náinna vina.**

Helmingur karla sagðist eiga fimm eða fleiri vini á meðan engin kona sagðist eiga svo marga vini. Um helmingur kvenna sagðist eiga einn til tvo vini. Hlutfallslega helmingi fleiri konur en karlar, sögðust eiga enga vini.

**Tafla 8. Upplifir þú þig einmana?**

	<b>Fjöldi</b>	<b>%</b>
<b>Aldrei</b>	5	26,3
<b>Stundum</b>	3	15,8
<b>Oft</b>	11	57,9
<b>Samtals</b>	19	100

Meira en helmingur svarenda eða tæp 58% sögðust upplifa sig oft einmana, hlutfall karla og kvenna var mjög jafnt.

Spurt var hvort fólk sækti sérstaklega í ákveðna staði til að hitta annað fólk. Flestir eða um 80% sögðust gera það. Helst voru nefndir staðir eins og miðbærinn (þá helst Austurvöllur), barir og skemmtistaðir, Dagsetrið, Vin og kaffistofa Samhjalpar.

### **Heilsa og heilbrigðisþjónusta**


Nokkrar spurningar voru um líkamlega heilsu og geðheilsu, sjúkdómsgreiningar, lyfjanotkun, upplifun einstaklinganna á eigin heilbrigði og um tilraunir til sjálfsvígs. Spurt var út í heilbrigðisþjónustu og hvort einstaklingarnir hefðu nýtt sér tiltekna heilbrigðisþjónustu á afmörkuðu tímabili. Vert er að taka fram að upplýsingarnar byggjast eingöngu á því sem einstaklingarnir sjálfir svöruðu til um en ekki á læknisfræðilegum upplýsingum.

#### *Líkamlegir sjúkdómar*

Alls 68,4 % þeirra sem svöruðu sögðust vera greindir með einn eða fleiri líkamlegan sjúkdóm, þar af 83,3 % kvennanna og 61,5 % karlanna. Alls 30% þeirra sem greindir voru með líkamlega sjúkdóma tóku inn lyfseðilskyld lyf vegna þessa að staðaldri.

**Tafla 9. Skipting líkamlegra sjúkdóma**

	<b>Fjöldi</b>	<b>%</b>
<b>Krabbamein</b>	1	5,3
<b>Lifrabólga B</b>	1	5,3
<b>Lifrabólga C</b>	3	15,8
<b>Hjartasjúkdómur</b>	1	5,3
<b>Lungnabólga</b>	2	10,5
<b>Gigt</b>	4	21,1
<b>Meltingarsjúkdómur</b>	5	26,3
<b>Annað</b>	5	25



**Mynd 6. Skipting líkamlegra sjúkdóma.**


Ef þátttakandi sagðist vera greindur með líkamlegan sjúkdóm var hann spurður hvaða sjúkdóm eða sjúkdóma hann væri greindur með. Við valmöguleikann annað voru nefndir sjúkdómar eins og brisvandamál, astmi, stoðkerfisvandi og krónískir verkir.

#### *Geðsjúkdómar*

Alls sögðust 47,4 % þeirra sem svöruðu hafa verið greindir með einn eða fleiri geðsjúkdóm. Af öllum þeim konum sem rætt var við voru 50% þeirra greindar með geðsjúkdóm á mótí 46,2 % karla. Af þeim sem greindir voru með geðjúkdóm tóku 30% þeirra inn lyfseðilskyld lyf vegna þessa.

**Tafla 10. Skipting geðsjúkdóma**


Geðjúkdómar	Fjöldi	%
<b>Punglyndi</b>	1	5,3
<b>Kvíði</b>	5	26,3
<b>Geðhvarfasýki</b>	5	26,3
<b>Annað</b>	2	10,5

**Mynd 7. Skipting geðsjúkdóma**

Flestir voru greindir með kvíða og geðhvarfasýki eða meira en helmingur þeirra sem greindir höfðu verið með geðsjúkdóm. Aðrar greiningar sem voru nefndar voru félagsfærni og áfallaröskun.

**Tafla 11. Hefur þú greinst með eitthvað af eftirtöldu?**

	Fjöldi	%
<b>Heilaskaða</b>	4	21,1
<b>Einhverfu</b>	1	5,3
<b>Athyglisbrest og ofvirkni (ADHD)</b>	8	42,1
<b>Annað</b>	1	5,3



#### Mynd 8. Ýmsar greiningar.

Spurt var hvort fólk hefði greinst með hinar ýmsu raskanir, þar á meðal voru þroskaröskun og asperger heilkenni, en enginn þátttakenda sagðist hafði greinst með slíkar raskanir. Alls sögðust 13 einstaklingar verið greindir með einhverja af ofangreindum röskunum. Flestir sögðust vera með athyglisbrest og ofvirkni, þó lá formleg greining ekki fyrir í öllum tilfellum. Einn nefndi heiladingulsröskun sem fellur undir annað.

#### Tafla 12. Hefur þú íhugað sjálfsvíg einhvern tímann á lífsleiðinni?

	Fjöldi	%
Já	14	73,7
Nei	5	26,3
Samtals	19	100

Hlutfall karla sem höfðu íhugað sjálfsvíg var mun hærra en kvenna, eða 85% karlanna á móti 50% kvennanna.

**Tafla 13. Hefur þú gert tilraun til sjálfsvígs einhvern tímann á lífsleiðinni?**

	<b>Fjöldi</b>	<b>%</b>
<b>Já</b>	6	31,6
<b>Nei</b>	13	68,4
<b>Samtals</b>	19	100

Tvær konur og fjórir karlmenn sögðust hafa gert tilraun til sjálfsvígs á lífsleiðinni. Tæpur helmingur þeirra sem höfðu íhugað sjálfsvíg höfðu gert tilraun til þess einhvern tímann á lífsleiðinni.

**Tafla 14. Hvernig upplifir þú eigið heilbrigði?**

	<b>Fjöldi</b>	<b>%</b>
<b>Gott</b>	8	44,4
<b>Sæmilegt</b>	4	22,2
<b>Lélegt</b>	6	33,3
<b>Samtals</b>	18	100

Helmingur kvennanna og tæpur helmingur karlanna mátu eigið heilbrigði gott.


42% karlanna mátu eigið heilbrigði lélegt á móti 17% kvennanna.

#### *Notkun heilbrigðisþjónustu*

Alls höfðu 11 þátttakendur leitað sér lækniástoðar vegna sýkinga eða annarra minniháttar veikinda á síðastliðnum sex mánuðum. 67% kvennanna höfðu leitað sér ástoðar og 58% karla.

**Tafla 15. Hefur þú nýtt þér einhverja af eftirfarandi heilbrigðisþjónustu síðastliðið ár?**

	<b>Fjöldi</b>	<b>%</b>
<b>Heilsugæsla</b>	8	42,1
<b>Tannlæknir</b>	5	26,3
<b>Sérfræðingur</b>	3	15,8
<b>Bráðamóttaka Fossvogi</b>	10	52,6
<b>Bráðamóttaka geðdeildar</b>	6	31,6
<b>Krabbameinsskoðun</b>	1	5,3
<b>Ekkert af ofantöldu</b>	5	26,3



**Mynd 9. Nýting á heilbrigðisþjónustu síðastliðið eitt ár.**

Flestir höfðu nýtt sér Bráðamóttöku LSH Fossvogi síðastliðið ár, eða meira en helmingur þátttakenda. Fæstir höfðu þó farið í krabbameinsskoðun eða aðeins einn einstaklingur og aðeins 15% höfðu leitað til sérfræðilækna. Rúmlega fjórðungur hafði hinsvegar ekki nýtt sér neina slíka þjónustu síðastliðið ár.

### Vímuefnanotkun

Spurt var um vímuefni, tóbak, áfengi og fíkniefni ásamt því hvort viðkomandi hefði farið í áfengis- og/eða vímuefnaeðferð.

**Tafla 16. Notar þú einhver vímuefni (fíkniefni, áfengi eða tóbak)?**


	Fjöldi	%
<b>Já</b>	18	94,7
<b>Nei</b>	1	5,3
<b>Samtals</b>	19	100

Af þeim sem svöruðu notuðu allir vímuefni fyrir utan einn karlmann. Þegar spurt var út í neyslu vímuefna að staðaldri þá sögðust 26,3% þátttakenda nota fíkniefni að staðaldri, 57,9% áfengi, 89,5% tóbak og 15,8% ólögleg lyfseðilskyld lyf.

**Tafla 17. Hefur þú á síðastliðnum 30 dögum notað eftirfarandi vímuefni?**

	<b>Fjöldi</b>	<b>% af heild</b>
<b>Áfengi</b>	16	84,2
<b>Ólögleg lyfseðilsskyld lyf</b>	6	31,6
<b>Tóbak</b>	17	89,5
<b>Hass</b>	3	15,8
<b>Amfetamín</b>	7	36,8
<b>E-töflur</b>	2	10,5
<b>Kókaín</b>	3	15,8

Af þeim sem svöruðu til um hvaða vímuefni þeir höfðu notað á síðastliðnum 30 dögum sagðist enginn hafa notað heróín og LSD.



**Mynd 10. Notkun áfengis, tóbaks og fíkniefna að staðaldri (oftar en tvo daga í viku).**

Flestir nota tóbak að staðaldri eða allir nema tveir þátttakendur. Sumir voru ekki í neyslu þegar rætt var við þá en höfðu verið í neyslu áður. Tveir einstaklingar neyttu engra vímuefna að staðaldri.

Hvað vímuefnaneyslu kynjanna varðar þá notuðu hlutfallslega fleiri konur en karlar fíkniefni að staðaldri en áfengisneysla karla var að staðaldri meiri en áfengisneysla kvenna.



**Tafla 18. Hefur þú farið í áfengis- eða vímuefnameðferð?**

	Fjöldi	%
Aldrei	3	15,8
2-3 sinnum	4	21,1
4-5 sinnum	2	10,5
6 sinnum eða oftár	10	52,6
Samtals	19	100

Yfir 60% þátttakendanna höfðu farið í fjórar eða fleiri áfengis- eða vímuefnameðferðir á ævinni. Enginn þátttakenda hafði farið einu sinni í áfengis- eða vímuefnameðferð. Ekki var spurt sérstaklega að því hvort viðkomandi hefði lokið þeim meðferðum sem farið var í.

### Ofbeldi og afbrot

Þar voru þátttakendur spurðir hvort þeir hefðu orðið fyrir ofbeldi ásamt því að vera spurðir um hvort þeir hefðu framið afbrot og gist í fangageymslu lögreglu vegna þessa eða annarra ástæðna.

Tveir þátttakendur sögðust hafa orðið fyrir vægu líkamlegu ofbeldi á síðastliðnum sex mánuðum. Í báðum tilfellum var um karlmenn að ræða. Tvær konur og þrír karlmenn sögðust hafa orðið fyrir grófu líkamlegu ofbeldi á síðastliðnum sex mánuðum. Tíðni líkamlega ofbeldisins var allt frá einu sinni til fjórum sinnum á þessum sex mánuðum.

**Tafla 19. Hefur þú orðið fyrir andlegu ofbeldi á síðastliðnum 6 mánuðum?**

	Fjöldi	%
Já	12	60
Nei	7	35
Samtals	19	95

Af þeim 12 einstaklingum sem sögðust hafa orðið fyrir andlegu ofbeldi á síðastliðnum 6 mánuðum voru tvær konur eða 33% af kvenkyns þátttakendum. Hlutfall karla sem sögðust hafa orðið fyrir andlegu ofbeldi var hins vegar 77%.

**Tafla 20. Hversu oft hefur þú orðið fyrir andlegu ofbeldi á síðastliðnum 6 mánuðum?**

	Fjöldi	%
Daglega	3	25
Vikulega	2	17
3-4 sinnum	6	50
Ekki vitað	1	8
Samtals	12	100

42% þátttakendanna sögðust verða fyrir andlegu ofbeldi daglega eða vikulega. Einn þátttakandi vildi ekki gefa upp hversu oft hann yrði fyrir andlegu ofbeldi.

Tveir þátttakendur, karlmaður og kona, sögðust hafa orðið fyrir kynferðislegri áreitni á síðastliðnum sex mánuðum. Enginn þátttakenda sagðist hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi síðastliðna sex mánuði.

Af þeim sem svöruðu sögðust sjö hafa framið auðgunarbrot síðastliðna sex mánuði. Hér var um eina konu og sex karlmenn að ræða. Ennfremur sögðust þrjú karlmenn hafa brotið önnur hegningarlög síðastliðna sex mánuði.

**Tafla 21. Hefur þú gert hluti sem þú vildir ekki gera fyrir mat, gistingu, fíkniefni, áfengi, klæðnað eða annað?**


	<b>Fjöldi</b>	<b>%</b>
<b>Já</b>	12	63,2
<b>Nei</b>	7	36,8
<b>Samtals</b>	19	100

Þriðjungur þeirra kvenna sem tók þátt í rannsókninni sagðist hafa gert eitthvað sem þær vildu ekki gera fyrir mat, gistingu, fíkniefni, áfengi, klæðnað eða annað. Meirihluti karlkyns þátttakandanna, eða 77% þeirra, sagðist hafa gert hið sama. Þegar spurt var um hvað viðkomandi hafði gert sögðust flestir hafa stolið, einn þátttakandi sagðist hafa brotist inn fyrir gistingu og einn neitaði að svara.

**Tafla 22. Hefur þú gist í fangageymslu lögreglu eina eða fleiri nætur síðastliðna 6 mánuði?**

	<b>Fjöldi</b>	<b>%</b>
<b>Já</b>	6	31,6
<b>Nei</b>	13	68,4
<b>Samtals</b>	19	100

Engin kona hafði gist í fangageymslu lögreglunnar á síðastliðnum sex mánuðum. Af þeim sem höfðu gist í fangageymslunni höfðu fjórir gist eina til þrjár nætur en tveir þátttakendur höfðu gist sjö eða fleiri nætur.



**Mynd 11. Ástæður þess að hafa gist í fangageymslu lögreglunnar.**

Á mynd 11 má sjá hlutfall alls hópsins sem gist hafði í fangageymslu lögreglunnar ásamt þeirri ástæðu sem þar lá að baki. Ástæðan var oftast sú að um skort á húsaskjóli hafi verið að ræða.

## Niðurstöður kortlagningar

Sendir voru spurningalistar til stofnana og félagasamtaka og fylltu starfmenn þeirra út listana. Spurt var um kyn, aldur, búsetuaðstæður, vitneskju um áfengis- eða vímuefnaneyslu, hugsanlegar orsakir heimilisleysis, hvort vitneskja væri um stuðning frá öðrum stofnunum eða félagasamtökum ásamt því að spurt var um hvaða þjónustu viðkomandi væri að fá hjá þeirri stofnun eða félagasamtökum sem fyllti út formið.

### Fjöldi, kyn og aldur


Alls voru 100 einstaklingar sem töldust utangarðs og/eða heimilislausir samkvæmt skilgreiningu sumarið 2009. Til viðbótar bjuggu 21 einstaklingur í langtímabúsetuúrræðum. Af þeim var ein kona. Þeir einstaklingar sem bjuggu í búsetuúrræðum verða hér taldir með.

**Tafla 23. Kynjahlutfall**

	<b>Fjöldi</b>	<b>%</b>
<b>Karlar</b>	92	76
<b>Konur</b>	29	24
<b>Samtals</b>	121	100

**Tafla 24. Aldur í árum**

	<b>Fjöldi</b>	<b>%</b>
<b>18-29</b>	20	17
<b>30-49</b>	66	55
<b>50 og eldri</b>	33	28
<b>Samtals</b>	119	100



### Mynd 12. Aldursdreyfing

Ekki var vitað um fæðingarár tveggja einstaklinga sem töldust utangarðs í kortlagningunni. Meðalaldur var 41 ár. Sá yngsti var 18 ára og sá elsti var 75 ára.

#### *Einstaklingar með lögheimili utan Reykjavíkur*


Af þeim 100 einstaklingum sem töldust heimilislausir voru 16 einstaklingar skráðir með lögheimili utan Reykjavíkur. Þar af voru fjórar konur. Flestir þessara einstaklinga voru með lögheimili í næsta nágrenni Reykjavíkur eða í Hafnarfirði, Garðabæ, Kópavogi og Mosfellsbæ. Aðrir voru með lögheimili á Akureyri, Kirkjubæjarklaustri, Vestmannaeyjum, Grindavík og frá Grikklandi. Sú þjónusta sem þessir einstaklingar voru að fá í Reykjavík var meðal annars gisting í Konukoti og Gistiskýlinu, stuðningur frá geðdeild Landspítala háskólasjúkrahúss, athvarf í Dagsetri Hjálpræðishersins og stuðningur frá þjónustumiðstöðvum Reykjavíkurborgar og ráðgjöfum þar.

#### **Þjóðerni**

Flestir voru íslenskir eða alls 95% hópsins. Af þeim sem voru með erlendan uppruna var einn frá Alsír, einn frá Grikklandi, einn frá Litháen og þrír voru frá Póllandi, eða alls sex einstaklingar.


## Búsetuaðstæður

Horft var til búsetuaðstæðna síðastliðna þrjá mánuði. Mögulegum búsetuaðstæðum var skipt niður í sex flokka (sjá viðauka 4). Mögulegt var að merkja við fleiri en eina tegund búsetuaðstæðna hjá hverjum og einum einstakling.



**Mynd 13. Búsetuaðstæður út frá fjölda einstaklinga**

Langflestir einstaklingar voru skráðir gista við ótryggar aðstæður eða í neyðarskýli. Aðeins ein kona var skráð búa í neyðarathvarfi fyrir konur. 17% hafast við á götunni að einhverju leyti.



**Mynd 14. Búsetuaðstæður og kyn**

Töluverður munur er á búsetuaðstæðum kynjanna sérstaklega hvað varðar búsetu við ótryggar aðstæður og búsetu í langtímabúsetuúrræðum.


### Hversu lengi utangarðs eða heimilislaus

Þátttakendur voru beðnir um að leggja mat á hversu lengi viðkomandi skjólstaðingur hefði verið utangarðs/heimilislaus.

**Tafla 25. Hversu lengi utangarðs/heimilislaus?**

	Fjöldi	%
<b>0 – 3 mánuðir</b>	11	11,8
<b>4 – 11 mánuðir</b>	11	11,8
<b>1 – 2 ár</b>	11	11,8
<b>Meira en 2 ár</b>	60	64,5
<b>Samtals</b>	93	100

Flestir hafa verið heimilislausir eða utangarðs í meira en tvö ár og 35,4% hafa verið í þeim aðstæðum í tvö ár eða minna. Þrátt fyrir að vera komnir í langtíma úrræði teljast nokkrir þeirra einstaklinga hér með þar sem þeir falla undir það að vera utangarðs. Séu þeir sem komnir eru í langtímabúsetuúrræði teknir út þá lækkar hlutfall þeirra sem verið hafa utangarðs eða heimilislausir í tvö ár eða meira um fimm prósent.



**Mynd 15. Hversu lengi utangarðs/heimilislaus og kyn**

Hlutfallslega fleiri karlar en konur hafa verið meira en tvö ár utangarðs eða heimilislausir.

### Hugsanlegar orsakir þess að fólk varð utangarðs eða heimilislaust

Um mjög marga svarmöguleika var að ræða en oftast komu fram þeir þættir sem hér verða nefndir. Oft var einnig um nokkrar ástæður að ræða og þátttakendur máttu merkja við fleiri en eina ástæðu.


**Tafla 26. Hugsanlegar orsakir þess að fólk var utangarðs/heimilislaust**

	Fjöldi	%
Áfengisvandi	88	72,7
Vímuefnamisnotkun	74	61,2
Gedræn vandamál	40	33,1
Er að ljúka afplánun	10	8,3
Líkamlegur sjúkdómur	10	8,3
Erfitt að fá húsnæði eða bíður eftir félagslegu húsnæði	10	8,3
Atvinnuleysi	9	7,4
Þroskafrávik	5	4,1
Gat ekki búið lengur hjá fjölskyldu/vinum/kunningjum	4	3,3
Hjónaskilnaður/sambúðarslit	4	3,3
Ekki vitað	7	5,8

Annað sem var nefnt sem hugsanleg ástæða voru þættir eins og ofbeldi á heimili, nýbúinn að ljúka afplánun, óryggi við að búa ein/n, að vilja ekki greiða húsaleigu, erfitt að fá húsnæði



sem hentar kröfum, þiggur ekki hjálp vegna geðrænna vandkvæða, félagslega slæm staða og gjaldþrot, en þessir þættir áttu aðeins við um einn einstakling hver.



**Mynd 16. Hugsanlegar orsakir þess að fólk verður utangarðs/heimilislaust**

Hér að ofan má betur sjá að áfengis- og vímuefnavandi ásamt geðrænum vandamálum er helsta orsök þess að fólk verður utangarðs eða heimilislaust.

**Tafla 27. Kyn og ástæður þess að fólk er utangarðs/heimilislaust**

	Karlar %	Konur %
Áfengisvandi	73,9	69
Vímuefnamisnotkun	60,9	62,1
Geðræn vandamál	30,4	41,4
Er að ljúka afplánun	10,9	0
Líkamlegur sjúkdómur	9,8	3,4
Atvinnuleysi	8,7	3,4
Erfitt að fá húsnæði eða bíður eftir félagslegu húsnæði	4,3	20,7
Proskafrávik	3,3	6,9
Hjónaskilnaður/sambúðarslit	2,2	6,9
Gat ekki búið lengur hjá fjölskyldu/vinum/kunningjum	1,1	10,3
Ekki vitað	4,3	10,3


Áfengis- og vímuefnavandi var helsta orsök þess að verða utangarðs eða heimilislaus hjá bæði konum og körlum. Hjá hlutfallslega fleiri konum var ástæðan geðræn vandamál og þær virtust í mun meiri mæli vera að bíða eftir félagslegu húsnæði. Engin kona var að ljúka afplánun og átti á hættu að verða utangarðs eða heimilislaus í kjölfar þess.

## Vímuefnanotkun

Spurt var um hvort vitneskja væri um áfengis- og/eða fíkniefnaneyslu viðkomandi einstaklings.


**Tafla 28. Neysla áfengis og/eða vímuefna að staðaldri**

	Fjöldi	% af heildarfjölda
Áfengisneysla	90	74
Fíkniefnaneysla	81	67
Engin neysla/ekki vitað	20	17



**Mynd 17. Kyn og neysla áfengis- og/eða fíkniefna að staðaldri**

Áfengisneysla virðist vera algengari hjá körlum en konum og fíkniefnaneysla er hlutfallslega algengari hjá konum.



**Mynd 18. Neysla áfengis og/eða fíkniefna og kyn**

Af þeim einstaklingum sem upplýsingar fengust um áfengis-og/eða fíkniefnanotkun þá neyttu flestir bæði áfengis og fíkniefna eða 58%. Mun hærra hlutfall karla en kvenna neytti einungis áfengis. Tiltölulega jafnt hlutfall karla og kvenna var skráð neyta einungis fíkniefna.

## Þjónusta

Hópurinn sem var kortlagður var að leita til ýmissa stofnana og félagasamtaka eftir þjónustu og stuðningi. Þar ber einna helst að nefna þjónustumiðstöðvar Reykjavíkurborgar en flestir (82 einstaklingar) eða 68% höfðu verið eða voru að fá einhverskonar þjónustu frá félagsráðgjöfum og öðrum ráðgjöfum þar. Eins voru 43 einstaklingar sem nýttu sér þjónustu gistiskýla á næturnar (Konukot og Gistiskýli). 50 einstaklingar voru sagðir nýta sér þjónustu Dagseturs og 11 einstaklingar voru sagðir vera í sambandi við geðdeild Landspítala háskólasjúkrahúss. Einstaklingarnir voru einnig að fá stuðning frá Geðhjálp, Fangelismálastofnun, Vin og endurhæfingardeildinni á Grensás. Ennfremur var það skráð að þeir hefðu leitað á sjúkrahúsið Vog, Hlaðgerðarkot, verið í fangageymslum lögreglunnar, farið í Kvennaathvarfið, leitað til Öryrkjabandalags Íslands, Kaffistofu Samhjálpur og SÁÁ. Vert er að taka fram að ekki í öllum tilfellum var skráð hjá einstaklingum hvort þeir væru að leita eftir þjónustu og/eða stuðningi. Einungis í 41% tilfella var skráð hvort viðkomandi væri að fá stuðning frá einhverjum stofnunum og félagasamtökum og í 55% tilfella var skráð hvort viðkomandi hefði leitað til einhverra stofnana eða félagasamtaka. Hjá þeim einstaklingum sem ekkert var skráð lágu þær upplýsingar ekki fyrir hjá þeim aðilum sem fylltu út fylgiskjalið í kortlagningunni.

## Umræða

Hér á eftir verður fyrst fjallað um helstu niðurstöður vettvangsrannsóknarinnar og þar á eftir verður fjallað um niðurstöður kortlagningarinnar. Í lok kaflans verður ennfreður fjallað almennt um þann vanda sem staðið er frammi fyrir við að útvega þeim sem eru utangarðs í samfélaginu viðunandi þjónustu og búsetuúrræði.

## Vettvangsrannsókn

Hér verður helstu niðurstöðum vettvangsrannsóknarinnar gerð nánari skil. Fjallað verður um niðurstöðurnar út frá þeim sex þemum sem þar komu fram. Spurningalisti rannsóknarinnar byggði að nokkru leyti á dönsku rannsókninni *SUSY UTSTAD* (Pedersen, Hesse og Curtis, 2008). Niðurstöðurnar verða því fyrst og fremst bornar saman við hana þegar svo ber undir. Ennfremur verður notast við aðrar rannsóknir til samanburðar er tengjast heimilisleysi og utangarðsfólki.

### *Bakgrunnsupplýsingar*

Alls var hlutfall kvenna um 30% þátttakenda. Í dönsku rannsókninni var hlutfall heimilislausra kvenna nokkuð lægra eða um 19% (Pedersen, Hesse og Curtis, 2008). Þennan mismun má skýra meðal annars með því að danska rannsóknin var talsvert umfangmeiri en þessi rannsókn (374 þátttakendur á móti 20) ásamt því að hér var notast við hentugleikaúrtak sem getur vissulega hafa haft áhrif á hvaða einstaklingar völdust til þátttöku. Sem dæmi má nefna þá fóru rannsakendur eingöngu á þá staði sem eru sóttir af utangarðsfólki. Það er hins vegar hugsanlegt að farið hafi verið á mis við einhvern hóp fólks sem er utangarðs en sækir ekki í þessa tilteknu staði. Yngra fólk til dæmis sækir mögulega aðra staði en þeir sem eru eldri. Sem dæmi má nefna Konukot en samkvæmt starfsmönnum þar hefur borið á því að ungar heimilislausar konur veigri sér við að dvelja þar vegna þess að í huga þeirra er það eingöngu fyrir eldri konur.

Áberandi stór hópur þátttakenda var 30 ára og eldri eða 90% þátttakenda. Sú aldursdreifing er í samræmi við aðrar rannsóknir sem sýna að stærstur hluti utangarðsfólks og heimilislausra er yfir þrítugt (Pedersen, Hesse og Curtis, 2008, Félagsmálaráðuneytið, 2005, Hopper, et al, 1997).

Í rannsókninni voru flestir eða 75% þátttakendanna einstæðingar. Það er svipað og hlutfall einstæðinga í rannsókn Pedersen, Hesse og Curtis (2008) en þar var hlutfallið 77% og í norsku kortlagningunni frá árinu 2008 en þar var hlutfallið 88% (Dyb og

Johannessen). Margvíslegar ástæður geta legið að baki því að utangarðsfólk og heimilisláusir séu upp til hópa einstæðingar. Hinn tYPíski heimilisláusi karlmaður á oft á tíðum langa sögu félagslegra vandkvæða sem jafnvel hafa hamlað honum að byggja upp góð fjölskyldutengsl. Margir hafa vegna erfiðrar áfengis- og vímuefnaneyslu misst tengsl við ástvini og maka hafi þeir verið til staðar. Áfengi hefur þannig spilað stórt hlutverk í lífi einstaklingsins, hvort sem það var til að þess fallið að sundra félagslegum samböndum hans eða til að veita huggun vegna skorts á þeim (Sullivan, E. O., 2009). Ennfremur mætti velta fyrir sér hvort geðræn vandamál hafi í einhverjum tilfellum slæm áhrif á tengsl einstaklingsins við ástvini. Að viðhalda sambandi eða hjónabandi eftir að viðkomandi einstaklingar hafa misst heimili sitt getur einnig verið erfitt, sérstaklega í ljósi þess að Konukot og Gistiskýlið bjóða einungis uppá aðstöðu fyrir einstaklinga. Þorum, hvort sem um er að ræða gagnkynhneigð eða samkynhneigð, er til dæmis ekki leyft að deila svefnrymum.

Tveir af þátttakendunum höfðu ekki klárað grunnskóla, og sjö til viðbótar höfðu einungis klára gagnfræðanáám. Tæp 48% þátttakendanna voru því með mjög litla menntun að baki. Ef borið er saman við rannsókn Pedersen, Hesse og Curtis (2008) þá er hlutfall danskra þátttakenda með einungis grunnskólamenntun rúm 60% og því eitthvað herra en í þessari rannsókn.

Tæp 13% aðspurðra í rannsókn Pedersen, Hesse og Curtis (2008) sögðust vera í launuðu starfi, en enginn í þessari rannsókn hafði tekjur af launaðri vinnu. Flestir eða 80% aðspurðra í þessari rannsókn voru að þiggja bætur af hinu opinbera í formi örorku eða fjárhagsaðstoðar. Í dönsku rannsókninni var það hlutfall tæp 54%.

### *Grunnþarfir*

15% þátttakenda sögðust aldrei fá nægan svefn og 42% þátttakenda sögðust aldrei vera úthvíldir þegar þeir vöknudu. Í rannsókn Pedersen, Hesse og Curtis (2008) kom í ljós að 26,5% heimilisláusra í Danmörku fengu aldrei eða næstum aldrei nægan svefn svo þau upplifðu sig úthvíld. Því má ætla að utangarðsfólk og heimilisláusir eigi erfitt með að fá góðan nætursvefn.

10% þátttakenda í okkar rannsókn sögðust fá heita máltíð sjaldnar en vikulega og er það í takt við dönsku rannsóknina sem segir 11,2% heimilisláusra í Danmörku fá heita máltíð einu sinni í viku eða sjaldnar (Pedersen, Hesse og Curtis, 2008).

Samkvæmt niðurstöðum rannsóknarinnar komast um 15% þátttakenda ekki í bað eða sturtu eins oft og þeir hafa þörf fyrir og sama talan er uppi varðandi það að hafa ekki aðgang að hreinum fatnaði. Þessi tala er töluvert hærri í rannsókn Pedersen, Hesse og Curtis (2008) í

Danmörku en þar eru það um 25% heimilislaustra sem komast sjaldnar í bað en þeir hafa þörf fyrir og um 28% heimilislaustra þar höfðu ekki aðgang að hreinum fatnaði eins og þörf var á. Hérlandis má ætla að með tilkomu Dagseturs Hjálpræðishersins hafi þetta breyst til muna í Reykjavík. Flestir þátttakendur sem töldu þetta ekki vera vandamál töluðu sérstaklega um Dagsetrið og þá góðu aðstöðu þar til að baða sig og þvo af sér föt eða fá gefins föt.

Neyðarskýli geta þjónað margvíslegum tilgangi fyrir þá sem eru utangarðs í samfélaginu. Þau geta til dæmis verið einn hlekkur í þeirri félagslegu þjónustu sem viðkomandi er að fá, þau geta einnig verið tímabundinn viðverustaður á meðan viðkomandi er að bíða eftir félagslegu húsnæði, þau geta jafnvel verið eina athvarfið sem viðkomandi hefur eftir að hafa verið neitað um húsaskjól hjá vinum og ættingjum, og þau geta hreinlega verið hluti af lífstíl einstaklingsins (Hopper, et al, 1997). Helmingur þátttakenda í rannsókninni sagðist nýta sér þjónustu gistiskýla á næturnar. Þrátt fyrir að gista öðru hverju hjá vinum eða ættingjum sögðu þeir að gistiskýlið væri þeirra megin dvalarstaður. Í mörgum tilfellum var um að ræða mjög langt tímabil sem viðkomandi einstaklingar höfðu nýtt sér þjónustu gistiskýlisins og hafði það þar að leiðandi þróast frá að vera neyðarskýli yfir í að vera langtíma dvalarstaður. Ein kona bjó við ótryggar aðstæður hjá vinum eða ættingjum. Tveir karlmenn bjuggu við svipaðar aðstæður. Engin af konunum sem talað var við bjó beinlínis á götunni en þrír karlmenn sögust búa við þær aðstæður. Ef búsetuaðstæður þátttakenda eru bornar saman við kortlagningu heimilislaustra í Danmörku þá eru búsetuaðstæður þátttakenda þar mjög svipaðar og í þessari rannsókn. Sem dæmi þá bjuggu samkvæmt dönsku rannsókninni 10% þátttakenda á götunni, hér er sama hlutfallið 15%. Alls 45% þátttakenda í dönsku rannsókninni bjuggu í neyðarskýlum en í þessari rannsókn voru það 50% þátttakenda (Benjaminsen og Christensen, 2007).

### *Félagslegt tengslanet*

75% þátttakenda í rannsókninni sögðu samband sitt við upprunafjölskyldu vera lélegt eða að sambandið væri ekkert. Samkvæmt rannsókn Pedersen, Hesse og Curtis (2008) hittu einungis 2,9% heimilislaustra í Danmörku fjölskyldu sína daglega eða næstum daglega. Sama var uppi á tengingnum þegar horft var til þeirra sem áttu börn en í þessari rannsókn áttu 60% þátttakenda börn. Aðeins 25% þátttakenda sem áttu barn eða börn hittu þau, allt frá einu sinni í mánuði og upp í vikulega, hinir hittu börnin sín nánast aldrei. Þetta bendir til þess að utangarðsfólk og heimilislaustrir eigi oft á tíðum ekki mikil samskipti eða gott samband við fjölskyldu sína og þá sem standa þeim næst.

20% þátttakenda sögðust ekki eiga neinn náinn og góðan vin. Þetta er í takt við rannsókn Pedersen, Hesse og Curtis (2008) í Danmörku þar sem 16,8% heimilisláusra töldu sig aldrei eða næstum aldrei hafa neinn til að tala við glímdu þeir við vandamál eða hefðu þörf fyrir stuðning. Þegar spurt var um einmanaleika í þessari tilteknu rannsókn kom í ljós að 57,9% þátttakenda sögðust oft upplifa sig einmana. Þetta er ívið hærra hlutfall en kom fram í dönsku rannsókninni þar sem tæp 30% heimilisláusra sögðust upplifa sig einmana. Sérstaklega fleiri konur en karlar í þeirri rannsókn sögðust þó upplifa sig einmana eða tæp 44% kvenna á móti tæpum 26% karla. Í þessari rannsókn var hlutfall kynjanna mjög jafnt hvað það varðar.

### *Heilsa og heilbrigðisstofnanir*

Alls 68,4% hafa verið greind með líkamlegan sjúkdóm. Sé rannsókn Pedersen, Hesse og Curtis (2008) skoðuð má sjá að rúm 52% heimilisláusra í Danmörku voru með langvarandi sjúkdóm. Danska rannsóknin leiddi ennfremur í ljós að töluverður munur var á milli heimilisláusra karla og kvenna í þessu samhengi. Danskar heimilisláusar konur virtust líklegri til að vera með langvarandi líkamlegan sjúkdóm eða 62% kvenna á móti tæpum 50% karla. Það sama átti við í þessari rannsókn en alls sögðust 83,3% kvenkyns þátttakenda vera greind með líkamlega sjúkdóma á móti 61,5% karla. Því virðist sem líkamleg heilsa kvennanna sé verri en karlanna.

Varðandi dreifingu sjúkdóma í þessari rannsókn þá voru flestir með gigt eða meltingarsjúkdóm. 26,3% þátttakenda voru með meltingarsjúkdóm og mætti bera það saman við niðurstöður dönsku rannsóknarinnar þar sem 20,6% heimilisláusra Dana voru með magasár í þarlendri rannsókn. Þrátt fyrir að meltingarsjúkdómar og magasár séu ekki sambærileg veikindi sýnir það að heimilisláusir glíma gjarnan við meltingartengda kvilla. Rúm 21% í þessari rannsókn voru með gigt og tæp 26% heimilisláusra Dana voru með slitgigt eða liðagigt samkvæmt þarlendri rannsókn (Pedersen, Hesse og Curtis, 2008).

Alls sögðust 47,4 % þátttakenda hafa verið greind með geðsjúkdóm. 5,3% þátttakenda með þunglyndi og 26,3% voru með geðhvarfasýki. Eins var einn einstaklingur með áfallaröskun og einn einstaklingur með félagsfælni. Í dönsku rannsókninni höfðu 27,3% heimilisláusra fundið fyrir þunglyndi eða óhamingju síðastliðna 14 daga. Því mætti ætla að einhverjir þeirra glímdu við þunglyndi eða jafnvel geðhvarfasýki sem lýsir sér með miklu þunglyndi og uppsveiflum þess á milli (Sadock og Sadock, 2007). 26,3% þátttakenda voru einnig greind með kvíða sem er svipað hlutfall og í dönsku rannsókninni þar sem tæp 26% heimilisláusra sögðust hafa verið kvíðnir og órólegir síðastliðna 14 daga. Í dönsku

rannsókninni virtust heimilisláusar konur þó upplifa kvíða eða þunglyndi í helmingi meira mæli en karlar (Pedersen, Hesse og Curtis, 2008). Kynjamunurinn á kvíða í þessari rannsókn var frekar jafn. Rannsóknir sýna ennfremur að einstæðir karlmenn sem eiga við áfengis- og/eða vímuefnavandamál að stríða og glíma hugsanlega ennfremur við geðræn vandkvæði eiga frekar á hættu að verða heimilisláusir (Hopper, et al, 1997).

Einungis 21% þátttakenda höfðu hvorki verið greind með líkamlegan sjúkdóm né geðsjúkdóm.

Alls 73,7% þátttakenda í þessari rannsókn höfðu íhugað sjálfsvíg á meðan 31,6% þátttakenda sögðust hafa gert tilraun til sjálfsvígs á lífsleiðinni. Samkvæmt dönsku rannsókninni höfðu 39% heimilisláusra í Danmörku einnig gert tilraun til sjálfsvígs (Pedersen, Hesse og Curtis, 2008). Kynjahlutfallið hérlendis var þó öllu jafnara en í dönsku rannsókninni þar sem konur höfðu frekar gert tilraun til sjálfsvígs heldur en karlar.

Þrátt fyrir að hátt í 50% þátttakenda höfðu verið greind með geðsjúkdóm og tæp 70% með líkamlegan sjúkdóm þá mátu 67% líkamlega heilsu sína sæmilega eða góða. Það er svipað hlutfall og í dönsku rannsókninni en þar var hlutfallið 69% (Pedersen, Hesse og Curtis, 2008). Aðspurðir hvernig þeir upplifðu eigið heilbrigði þá tóku fjölmargir þátttakendur það fram að þrátt fyrir að líkamleg heilsa þeirra væri góð eða sæmileg, þá væri andleg heilsa þeirra léleg. Þar sem ekki var gerður greinamunur á líkamlegri og andlegri heilsu í þessari spurningu voru þátttakendur beðnir um að leggja heildrænt mat á eigið heilbrigði.

Helmingur þátttakenda í rannsókninni hafði leitað sér lækniástoðar vegna sýkinga eða annarra minniháttar veikinda á síðastliðnum sex mánuðum og er það svipað og hjá heimilisláusum í Danmörku þar sem 51,6% heimilisláusra höfðu verið í sambandi við lækni síðastliðna þrjá mánuði. Eins höfðu 42,1% þátttakenda í þessari rannsókn nýtt sér þjónustu heilsugæslunnar síðastliðið ár. Áhugavert er þó að meira en helmingur þátttakenda eða 52,6%, höfðu farið á bráðamóttöku Landspítalans í Fossvogi síðastliðið ár og er það heldur hærra hlutfall en í rannsókn Pedersen, Hesse og Curtis (2008) sem leiddi í ljós að tæp 21% heimilisláusra í Danmörku höfðu farið á slysavarðsstofu síðastliðna þrjá mánuði. Þó ber að geta að danska rannsóknin horfir til mun skemmri tíma en gert var í þessari rannsókn. Alls höfðu 26,3% þátttakenda í þessari rannsókn nýtt sér þjónustu tannlæknis síðastliðið ár. Til samanburðar má nefna að alls höfðu 33,4% heimilisláusra í Danmörku nýtt sér þjónustu tannlæknis á eins árs tímabili (Pedersen, Hesse og Curtis, 2008).



### *Vímuefnanotkun*

Tæp 90% þátttakenda sögðust nota tóbak að staðaldri. Það er svipað hlutfall og í dönsku rannsókninni en þar var hlutfallið 87% (Pedersen, Hesse og Curtis, 2008).

Áfengisneysla á meðal þátttakenda var töluverð en rúm 84% höfðu neytt áfengis á síðastliðnum 30 dögum. Þar af sögðust tæp 60% neyta áfengis að staðaldri. 26% þátttakenda sögðust neyta fíkniefna að staðaldri. Þrír einstaklingar, eða tæp 16% þátttakenda sögðust nota ólögleg lyfseðilsskyld lyf að staðaldri. Athyglisvert er að samkvæmt rannsókn sem gerð var í Bandaríkjunum á vímuefnavanda heimilislausra (Johnson og Chamberlain, 2008) áttu aðeins 43% heimilislausra við vímuefnavanda að stríða. Hlutfallið í rannsókninni hérlandis er mun hærra og vekur upp spurningar um hvort það sé ákveðinn hópur heimilislausra sem ekki glímur við vímuefnavanda, sem þá er vantalinn.

Yfir 60% þátttakenda sögðust hafa farið í fjórar eða fleiri áfengis- og/eða vímuefna meðferðir á lífsleiðinni. Nokkrir þátttakendur nefndu að þeir hefðu farið í yfir 20 meðferðir á ævinni. Þar sem ekki var spurt um hvort viðkomandi hefði lokið hverri meðferð fyrir sig er vert að taka fram að ekki þarf alltaf að vera um fulla meðferð að ræða. Samkvæmt Samtökum áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann [SÁÁ] eru 30% af þeim sem flokkast til endurkomusjúklinga, þeir sem farið hafa í meðferð tíu sinnum eða oftar, á götunni.<sup>8</sup> Þó ber að hafa í huga að ekki er vitað hver skilgreiningin þar að baki er og því ekki hægt að fullyrða að þetta sé hópurinn sem hér um ræðir.

### *Ofbeldi og afbrot*

40,4% heimilislausra í rannsókn Pedersen, Hesse og Curtis (2008) sögðust hafa fengið hótanir um ofbeldi. Í þessari rannsókn var hlutfall þeirra sem sögðust hafa orðið fyrir andlegu ofbeldi (áreitni, hótanir, ógnanir og einelti) 60%. Þar sem einungis var spurt út í hótanir um ofbeldi í dönsku rannsókninni er ekki alveg hægt að bera saman niðurstöður þessara tveggja rannsókna.

Líkamlegu ofbeldi var skipt í vægt líkamlegt ofbeldi og gróft líkamlegt ofbeldi. Með vægu ofbeldi var átt við hvort viðkomandi hefði verið hrint, ýtt, rífið í eða hann sleginn með flötum lófa síðastliðna sex mánuði. Með grófu líkamlegt ofbeldi var átt við hvort sparkað hefði verið í viðkomandi, hann sleginn með hlut eða krepptum hnefa, honum kastað á húsgögn, vegg, niður tröppur, hann tekinn hálstaki eða verið ráðist á með vopni. Í þessari rannsókn höfðu 10% þátttakendanna orðið fyrir vægu líkamlegu ofbeldi á síðastliðnum sex mánuðum. Í dönsku rannsókninni var hið sama hlutfall rúm 30%. 26% þátttakenda í rannsókninni sögðust

<sup>8</sup> Tekið af síðu SÁÁ (saa.is): Samtökin: Endurkomufólkið hjá SÁÁ: Félagsleg staða. Skoðað 12.ágúst 2009.

hafa orðið fyrir grófu líkamlegu ofbeldi á sama tímabili en í dönsku rannsókninni var hlutfallið rúm 33% (Pedersen, Hesse og Curtis, 2008). Tíðni líkamlega ofbeldisins var allt frá einu sinni til fjórum sinnum á þessum 6 mánuðum og virðist því um tilviljunarkennt ofbeldi að ræða. Vert er að nefna að þátttakendur í dönsku rannsókninni voru spurðir hvort þeir hefðu orðið fyrir ofbeldi síðastliðið ár og er því horft til lengra tímabils heldur en í þessari rannsókn þar sem einungis er litið til síðastliðinna sex mánuða.

Spurt var hvort þátttakendur hefðu orðið fyrir kynferðislegri áreitni síðastliðna sex mánuði. Til útskýringar á því hvað fælist í kynferðislegri áreitni var vísað til almennu hegningarlöganna nr.19/1940 en samkvæmt þeim felst kynferðisleg áreitni m.a. í því að strjúka, þukla eða káfa á kynfærum eða brjóstum innan klæða sem utan, gegn vilja, eða með hegðun eða orðbragði sem er mjög meiðandi, á sér stað ítrekað eða hefur valdið ótta. Einungis tveir þátttakendur eða 10,5% sögðust hafa orðið fyrir kynferðislegri áreitni á síðastliðnum sex mánuðum. Var um einn karlmann og eina konu að ræða. Í rannsókn Pedersen, Hesse og Curtis (2008) var hlutfallið 9,1% og voru konur hlutfallslega stærri hópur en karlar. Vert er að taka fram að þar var litið til eins árs tímabils.

Ennfremur var spurt hvort þátttakendur hefðu orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi síðastliðna sex mánuði. Til útskýringar á því hvað fælist í kynferðislegu ofbeldi var vísað til almennu hegningarlöganna (nr.19/1940) en þar segir að kynferðislegt ofbeldi feli í sér þvingað samræði eða önnur kynferðismök, þar sem ofbeldi, hótunum eða annars konar ólögmati nauðung er beitt, t.d. sviptingu sjálfræðis með innilokun, lyfjum eða öðrum sambærilegum hætti. Eins ef einhver notfærir sér geðsjúkdóm eða andlega fötlun til að hafa samræði eða önnur kynferðismök. Enginn þátttakendanna sagðist hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi á síðastliðnum sex mánuðum. Í rannsókn Pedersen, Hesse og Curtis (2008) var hlutfallið 4,3% og voru konur umtalsvert stærri hópur en karlar.

37% þátttakendanna höfðu framið auðgunarbrot (hnúpl, innbrot og stuldur á mat, áfengi og fíkniefnum) á síðastliðnum sex mánuðum. 16% þátttakenda sögðust ennfremur hafa brotið önnur hegningarlög á síðastliðnum sex mánuðum. Undir það féllu til dæmis skemmdarverk, óspektir, líkamsárásir, kynferðisbrot og fíkniefnamisferli. Tveir þátttakendur höfðu framið auðgunarbrot ásamt því að hafa brotið önnur hegningarlög á síðastliðnum sex mánuðum. Þátttakendur sem svöruðu því játandi að hafa framið auðgunarbrot eða að hafa brotið önnur hegningarlög voru ekki beðnir um að útlista nánar hvaða brot þeir hefðu framið.

Samkvæmt erindi Stefáns Eiríkssonar lögreglustjóra á 30 ára afmælisráðstefnu SÁÁ, 2007, eru gerendur afbrota í yfir 90% tilvika undir áhrifum áfengis og/eða fíkniefna og ennfremur kemur þar fram að mikill meirihluti innbrota sé framinn til að fjármagna

fíkniefnaneyslu. Ef litið er til rannsókna á sviði afbrota og heimilisleysis þá er talið að 18% heimilislausra í Bandaríkjunum hafi afplánað fangelsisdóm vegna glæpa. Að meðaltali er einnig talið að 41% heimilislausra þar í landi hafi haft einhver samskipti við réttarkerfið (Sullivan, E. O., 2009). Samkvæmt rannsókn sem birt var í Bandaríkjunum árið 2008 voru 15,3% allra þeirra sem voru að afplána fangelsisdóma einstaklingar sem höfðu einhvern tímann á lífsleiðinni verið heimilislausir. Tíðni heimilisleysis meðal fanga var um ellefu sinnum hærri en á meðal almennings (Greenberg og Rosenheck, 2008). Hafa þarf í huga að aðstæður á Íslandi og í Bandaríkjunum eru ekki alltaf sambærilegar og því þarf að taka slíkum samanburði með fyrirvara.

63,2% þátttakenda í rannsókninni sögðust hafa gert hluti sem þeir vildu ekki gera fyrir mat, gistingu, fíkniefni, áfengi, klæðnað eða annað. Flestir nefndu þjófnað á mat eða peningum. Niðurstöður bandarískrar rannsóknar leiddi í ljós að bæði þeir sem bjuggu á götunni og þeir sem dvöldu í gistiskýlum væru líklegri en aðrir til að fremja afbrot er tengdust því að lifa af á götunni (Fischer et al, 2008). Rannsókn McCarthy og Hagan (1991) á unglungum í Toronto í Kanada, leiddi í ljós að unglungarnir fóru ekki að fremja afbrot fyrr en eftir að þeir fluttu að heiman og urðu heimilislausir. Af niðurstöðum þessara rannsókna má ætla að það að stela eða brjótast inn fyrir gistingu sé hluti af því að lifa af á götunni.

Tæp 32% þátttakenda, höfðu gist í fangageymslu lögreglunnar á síðastliðnum sex mánuðum. Flestir þeirra, eða fimm einstaklingar, sögðust hafa gist þar vegna skorts á húsnæðisskjóli. Tveir sögðust hafa gist í fangageymslunni vegna afbrota og tveir vegna ölvunar eða annarlegs ástands. Engin kona var á meðal þeirra sem höfðu gist í fangageymslu lögreglunnar. Full nýting hefur þó ekki verið í Gistiskýlinu það sem af er 2009 (janúar til ágúst) og því mætti ætla að þessir einstaklingar hefðu getað fengið inni í Gistiskýlinu.

### **Kortlagning á utangarðsfólki í Reykavík**

Hér verður helstu niðurstöðum kortlagningarinnar gerð nánari skil. Spurningalistinn sem lagður var fyrir þátttakendur byggði að nokkru leyti á spurningalista sem lagður var fyrir þátttakendur í dönsku rannsókninni *Hjemløshed i Danmark 2007* (Benjaminsen og Christensen, 2007). Niðurstöður kortlagningarinnar verða fyrst og fremst bornar saman við dönsku kortlagninguna og að auki við norsku rannsóknina *Bostedsløse i Norge 2008 – en kartlegging* (Dyb og Johannessen, 2009) sem einnig er kortlagning sem framkvæmd hefur verið líkt og sú danska með reglulegu millibili á síðustu áratugum.

### *Fjöldi, kyn og aldur*

Samkvæmt kortlagningunni var 121 einstaklingur utangarðs sumarið 2009. Litið var til þriggja mánaða tímabils á meðan á talningu stóð, júní, júlí og ágústs. Af þessum fjölda er 21 einstaklingur í langtímabúsetuúrræðum á vegum Reykjavíkurborgar. Ákveðið var að telja þá með í heildarfjölda þar sem um var að ræða einstaklinga sem ennþá voru utangarðs í samfélaginu og því var mikilvægt að taka þá með í kortlagningunni. Þrátt fyrir að vera komnir í úrræði töldust þessara einstaklinga utangarðs í samfélaginu þar sem lífstíll þeirra einkenndist af lifnaðarháttum þess hóps. Einhverjir þeirra sem nýta sér úrræði Reykjavíkurborgar koma til með að eiga sér þar varanlegt heimili en aðrir eru líklegir til að staldra aðeins tímabundið við og eru þar með í talsverðri hættu á að verða utangarðs og/eða heimilislausir á ný.

Af þeim 121 einstaklingi sem taldist vera utangarðs og/eða heimilislaus fundu rannsakendur sjálfir fimm þeirra við gerð vettvangsrannsóknarinnar. Engar upplýsingar um þessa einstaklinga komu frá þjónustumiðstöðvunum eða þeim stofnunum og félagasamtökum sem tóku þátt í kortlagningunni. Þetta er áhugavert í ljósi þess að hér er um einstaklinga að ræða sem eru heimilislausir en hvergi á skrá sem slíkir. Þetta vekur upp hugmyndir um hve margir einstaklingar eru þá í sömu aðstöðu og teljast því vantaldir í þessari kortlagningu. Flestir þessara einstaklinga sögðust búa við ótryggar aðstæður hjá vinum og ættingjum.

24% þeirra sem skráð voru utangarðs og/eða heimilislaus voru konur. Það er svipað hlutfall og í norsku kortlagningunni en þar var hlutfall heimilislousra kvenna 27% en í þeirri dönsku var hlutfallið lægra eða 20% (Benjaminsen og Christensen, 2007; Dyb og Johannessen, 2009).

Meðalaldur þeirra sem skráðir voru utangarðs og/eða heimilislausir var 41 ár. Það er hærri meðalaldur en í norsku kortlagningunni, þar sem hann var 35 ár. Líkt og í dönsku kortlagningunni voru flestir þeirra sem skráðir voru utangarðs eða heimilislausir á aldrinum 30 til 50 ára eða 55% skráðra einstaklinga (Benjaminsen og Christensen, 2007; Dyb og Johannessen, 2009).

### *Einstaklingar með lögheimili utan Reykjavíkur*

Hvorki í vettvangsrannsókninni né í kortlagningunni var spurt sérstaklega að því hvar þátttakendurnir væru skráður með lögheimili. Í þeim tilfellum sem kennitölur voru skráðar var athugað sértaklega hvar viðkomandi væri með lögheimili. Í öðrum tilfellum fengust þær upplýsingar hjá viðkomandi stofnunum eða félagasamtökum væri vitneskja fyrir hendi. Alls töldust 16 einstaklingar af 121 vera með lögheimili utan Reykjavíkur. Mikilvægt er þó að

athuga að þar sem kennitölur fengust ekki frá öðrum en þjónustumiðstöðvum Velferðarsviðs var ekki hægt að athuga hvar viðkomandi einstaklingar væru með lögheimili í 34 tilfellum.

Þessir 16 einstaklingar sem voru með lögheimili utan Reykjavíkur nýttu sér úrræði Reykjavíkurborgar og Hjálpræðishersins að einhverju leyti en í flestum tilfellum var um að ræða gistingu í neyðarskýlunum eða athvarf í Dagsetri Hjálpræðishersins. Þetta vekur upp spurningar um hver aðkoma annarra sveitfélaga er að þjónustu við utangarðsfólk og heimilislausa á Íslandi. Í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 segir að sveitarfélög eigi að tryggja íbúum sínum fjárhagslegt og félagslegt öryggi og tryggja lífskjör þeirra sem standa höllum fæti í samfélaginu. Hverju sveitarfélagi fyrir sig ber að tryggja velferð íbúa sinna og veita þeim húsaskjól séu þeir í þeirri aðstöðu að hafa ekki í nein hús að venda. Eins og staðan er í dag er Reykjavíkurborg eina sveitarfélagið sem starfrækir gistiskýli fyrir þá sem eiga hvergi höfði sínu að halla. Ekki tíðkast að senda íbúa á milli sveitarfélaga þegar kemur að grunnþjónustu sveitarfélaga eins og til dæmis fjárhagsaðstoð, leikskólalássam og öðru slíku. Því ætti ekki að þykja sjálfsagt að eitt sveitarfélag veiti ákveðnum íbúum annars sveitarfélags ákveðna þjónustu sem ekki er til staðar hjá þeim. Það er því nokkuð ljóst að sveitarfélögin þurfa að standa saman þegar kemur að þessum málaflokki.

### *Þjóðerni*

Í kortlagningunni voru einungis 5% einstaklinga af erlendum uppruna. Það er nokkuð ólíkt niðurstöðum dönsku og norsku kortlagningarinnar en í Noregi voru 19% kortlagðra einstaklinga af erlendum uppruna og í Danmörku var hlutfallið 22%. Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands var hlutfall innflytjenda af íbúafjölda á Íslandi þann 1. janúar 2008 8,1%. Það er svipað hlutfall og í Danmörku og Noregi (Hagtíðindi, janúar 2009).

Því má segja að fjöldi utangarðsfólks eða heimilislausra í kortlagningunni sem er af erlendum uppruna gefi ekki rétta mynd af hlutfalli þeirra af landsmönnum. Hlutfall þeirra í kortlagningunni er eitthvað lægra en hlutfall þeirra af íbúafjölda á Íslandi<sup>9</sup>. Í Danmörku og Noregi eru einstaklingar af erlendum uppruna sem eru utangarðs eða heimilislausir hlutfallslega fleiri en hlutfall innflytjenda af íbúafjölda í heild sinni. Ástæður þessa misræmis í Danmörku og Noregi annars vegar og á Íslandi hinsvegar geta verið margvíslegar. Til dæmis hafa Danmörk og Noregur mun lengur tekið á móti innflytjendum en Ísland og þar er önnur

---

<sup>9</sup> Vissulega má ætla að hlutfall innflytjenda á Íslandi hafi lækkað eitthvað síðan janúar 2008 í ljósi efnahagshrunsins.

kynslóð innflytjenda orðin mun stærri en hér á landi. Ástæður flutnings þeirra til Noregs og Danmörkur eru hugsanlega aðrar en ástæður þeirra innflytjenda sem flytjast til Íslands. Einnig er vert að skoða hvaðan viðkomandi innflytjendur eru að koma, hvert menntunarstig þeirra er, tungumálakunnátta, hvaða tækifæri þeir hafa til atvinnu ásamt fleiri þáttum sem stuðla að aðlögun þessara einstaklinga í hverju landi fyrir sig.

### *Búsetuaðstæður*

Þegar spurt var um búsetuaðstæður viðkomandi einstaklings þá gátu þátttakendur merkt við fleiri en einn valmöguleika (Sjá nánar í viðauka 4). Hjá 40% hópsins var merkt við fleiri en einn svarmöguleika. Sem dæmi þá gistu margir einstaklingar nótt og nótt í Gistiskýlinu eða Konukoti en þess á milli á götunni eða við ótryggar aðstæður hjá vinum og kunningjum. Ennfremur er vert að taka fram að í einhverjum tilfellum voru þátttakendur ekki með tæmandi upplýsingar um búsetuaðstæður viðkomandi einstaklings.

Langflestir eða 40% gistu við ótryggar aðstæður að einhverju eða öllu leyti. Það er svipað hlutfall og í norsku kortlagningunni en þar var það 37% (Dyb og Johannessen, 2009) en í dönsku kortlagningunni var hlutfallið einungis 20% (Benjaminsen og Christensen, 2007). 36% voru að nýta sér þjónustu Gistiskýlisins eða Konukots að einhverju leyti en í norsku kortlagningunni var það hlutfall 23% og í þeirri dönsku 45%. Samkvæmt kortlagningunni hafast 17% einstaklinganna að einhverju eða öllu leyti við á götunni en í norsku kortlagningunni var það hlutfall 5% og í dönsku kortlagningunni 11%.

21 einstaklingur eða 17% þeirra sem skráð voru í kortlagningunni voru skráð í langtímabúsetuúrræði. Ef þessir einstaklingar eru teknir út úr þýðinu og hlutfallið endurreiknað þá má sjá að hlutfall þeirra sem gista við ótryggar aðstæður er 49%, hlutfall þeirra sem nýta sér neyðarskýlin er 44% og hlutfall þeirra sem hafast við á götunni er 22%.

Áhugavert er að skoða búsetuaðstæður út frá kyni en samkvæmt niðurstöðum kortlagningarinnar gistu langflestar konur eða 72% þeirra að einhverju eða öllu leyti við ótryggar aðstæður en einungis 29% karlanna. Ennfremur nýttu konur sér frekar þjónustu neyðarskýlanna en karlar, en 48% þeirra dvöldu að einhverju eða öllu leyti í neyðarskýli á mótí 33% karlanna. Aðeins 3% kvennanna eru skráð í langtímabúsetuúrræði en 22% karlanna. Töluvert fleiri karlmenn en konur eru að ljúka stofnanavist og hafa ekki fastan samastað að henni lokinni. Hlutfallið var 24% á mótí 14%. Hlutfall karla sem höfðust að öllu eða einhverju leyti við á götunni var 18% og var það nokkuð svipað og hlutfall kvenna eða 14%.

### *Hversu lengi utangarðs eða heimilislaus*

Mikilvægt er að gera sér grein fyrir hversu lengi einstaklingar hafa verið utangarðs eða heimilislausir. Aðeins var hægt að merkja við einn valmöguleika á listanum en væri vitneskja ekki til staðar þá var merkt sérstaklega við það. Ekki var vitað um lengd heimilisleysis hjá 28 einstaklingum. Tíu einstaklingar af þessum 28 voru þó að losna úr fangelsi á næstu þremur mánuðum og var ekki vitað nákvæmlega hversu lengi þeir höfðu verið utangarðs eða heimilislausir.

Fjölmennasti hópurinn voru þeir sem höfðu verið utangarðs og/eða heimilislausir í meira en tvö ár eða tæp 60% sé ekki horft til þeirra sem eru í langtímabúsetuúrræði. Það er töluvert hærra hlutfall en kom fram, bæði í dönsku kortlagningunni og þeirri norsku. Í bæði Noregi og Danmörku var talið að um 30% hópsins hefði verið heimilislaus í tvö ár eða meira, eða af og til í fjölda ára (Benjaminsen og Christensen, 2007; Dyb og Johannessen, 2009).

### *Hugsanlegar orsakir þess að verða utangarðs eða heimilislaus*

Ein stærsta orsök innlendis fyrir því að fólk varð utangarðs eða heimilislaust var samkvæmt kortlagningunni áfengis- og/eða vímuefnamisnotkun ásamt geðrænum vandamálum. Þessir þættir voru einnig taldir vera helsta orsök þessa í Noregi og Danmörku, þrátt fyrir að áfengis- og vímuefnavandinn hafi átt við um hlutfallslega stærri hóp innlendis eða um 70% á móti um 60% í Danmörku og Noregi. Alls var í 8,3% tilfella nefnt sem orsök að viðkomandi væri að losna úr fangelsi og er það sama hlutfallið og í Noregi en í Danmörku var það ívið lægra (Benjaminsen og Christensen, 2007; Dyb og Johannessen, 2009). Þetta vekur vissulega upp spurningar um stöðu fanga, hvort félagslegar aðstæður þeirra séu að öllu leyti tryggðar að afplánun lokinni.

Einstaklingar sem eiga við bæði neysluvanda og geðrænan vanda að stríða virðast vera í viðkvæmri stöðu gagnvart því að verða utangarðs eða heimilislausir. Undirliggjandi geðræn vandamál geta því mögulega verið ástæða þess að viðkomandi neytir áfengis og/eða fíkniefna í óhóflegu magni, en stundum getur neysla áfengis og/eða fíkniefna verið ástæða þess að geðræn vandamál geri vart við sig.

### *Vímuefnanotkun*

Langflestir eða 74% allra einstaklinga í kortlagningunni voru sögð neyta áfengis að staðaldri og 67% voru sögð neyta fíkniefna að staðaldri. Til samanburðar þá áttu 59% þeirra sem voru heimilislaus í Noregi við áfengis og/eða fíkniefnavandamál að stríða og 45% heimilislausra í Danmörku áttu við áfengisvandamál að stríða og 71% neyttu fíkniefna (Dyb og Johannessen,

2009; Benjaminsen, og Christensen, 2007). Svo virðist að áfengisneysla meðal þessa hóps sé eitthvað meiri á Íslandi en í Danmörku. Hvað fíkniefnanotkun varðar þá er hlutfallið svipað á milli Íslands og Danmerkur.

Í 17% tilfella lágu engar upplýsingar fyrir um áfengis-eða fíkniefnaneyslu viðkomandi eða vitað var að viðkomandi einstaklingur væri í engri neyslu. Í norsku kortlagningunni var þetta hlutfall mun hærra eða 41% (Dyb og Johannessen, 2009) og í dönsku kortlagningunni var það 12% (Benjaminsen, og Christensen, 2007).

Þegar neysla áfengis og/eða fíkniefna var skoðuð með tilliti til kynjanna kom í ljós að neysla áfengis var algengari á meðal karla en kvenna en á móti kom að neysla fíkniefna var hlutfalslega meiri á meðal kvenna en karla. Ennfremur kom fram að hjá 21% kvenna var ekki vitað um neyslu eða um enga neyslu var að ræða á móti aðeins 15% tilfella hjá körlum.



## Upplifun rannsakenda á vettvangi

Sem rannsakandi þarf maður að vera mjög meðvitaður um eigin tilfinningar í garð viðfangsefnisins. Hvað þessa rannsókn varðar þurftum við rannsakendur að gera okkur grein fyrir hver okkar tilfinning gagnvart utangarðsfólki væri, hvaða hugmyndir við hefðum um hópinn og svo framvegis. Til að viðra okkar eigin upplifanir á vettvangi ákváðum við að bæta þessum kafla við. Margt átti sér stað sem ekki féll beinlínis að fyrirbyggjandi rannsókn og fannst okkur vert að minnast á það til að bæði dýpka þær niðurstöður sem nú þegar liggja fyrir og gefa smá sýn á gerð rannsóknarinnar.

Fyrsti dagur viðtalanna hófst snemma, við vorum mættar upp í Gistiskýli klukkan hálf átta að morgni til. Margt fór í gegnum huga okkar meðal annars það hvort einhver vildi yfir höfuð tala við okkur. Við töldum okkur heppnar í Gistiskýlinu en þar voru þrír einstaklingar tilbúnir að ræða við okkur og vorum við mjög sáttar við afrakstur morgunsins. Þennan sama dag fórum við í Dagsetrið. Þar upplifðum við mjög hlýlegt umhverfi, starfsfólkið var mjög hvetjandi gagnvart því að fólk tæki þátt í rannsókninni og þar náðum við að ræða við sjö manns. Við vorum því að vonum mjög sáttar og bjartsýnar eftir þennan fyrsta dag.

Næsti viðkomustaður var Konukot, þar sem vel var tekið á móti okkur og tókum við nokkur viðtöl þar. Okkar upplifun var sú að konur sem þar eru, dvelji við heimilislegri aðstæður en þeir karlmenn sem eru í Gistiskýlinu.

Dagsetrið lokaði í tvær vikur yfir sumartímamann og á meðan var opið hjá Hjálpræðishernum í miðbænum. Þar var veitt lágmarkspjónusta, þ.e. matur og inniaðstaða, engin sturta eða þvottavél. Við héldum þangað í leit að viðmælendum og fengum þar að kynnast því hversu erfitt það er að vera háður vímuefnum og vera á götunni. Við ræddum við nokkra einstaklinga undir áhrifum vímuefna (áfengis eða fíkniefna) og var upplifun okkar af því mjög erfið. Það var þarna sem við létum vera að taka viðtöl við nokkra einstaklinga vegna þess hversu ölvaðir þeir voru. Starfsmenn Hjálpræðishersins sögðu okkur að nálægð athvarfsins við miðbæinn gerði það að verkum að fólk kæmi þangað mun ölvaðara en til dæmis út á Granda þar sem Dagsetrið er staðsett. Ennfremur var þessa dagana óvenju gott veður í Reykjavík og mikið að gerast fyrir utan Alþingishúsið og þessir þættir ýttu ennfremur undir meiri neyslu en venjulega. Afleiðing þess var sú að hugsanlegir þátttakendur voru í engu ástandi til að taka þátt í rannsókninni.

Hvert sem við fórum hittum við fyrir starfsfólk sem var mjög jákvætt í garð okkar og rannsóknarinnar. Við fundum fyrir miklum velvilja og sumir starfsmenn voru mjög virkir í að hvetja fólk til að taka þátt í rannsókninni. Ennfremur fundum við fyrir miklum velvilja og

hlýju starfsmanna í garð einstaklinganna sjálfra. Samskipti voru jákvæð og hvetjandi. Fyrir þessu fundum við líka í viðhorfi utangarðsfólks til starfsmannanna. Flestir töluðu mjög vel um starfsfólkið og voru þakklátir fyrir starf þeirra og nærveru.

### **Einstaklingarnir**

Einn viðmælenda okkar talaði mjög mikið um þau jákvæðu áhrif sem vera hans í smáhýsunum hafði haft á líf hans. Hann upplifði sig sjálfstæðari og ánægðari eftir að hafa flutt þar inn. Hann vildi ennfremur meina að hann neytti minna af fíkniefnum og áfengi eftir að hafa verið úthlutað plássi í smáhýsi. Hann hefði tök á því að lifa mun “eðlilegra” líferni núna, og var sáttari við að sitja einstaka kvöld heima og “*horfa bara á vídeó með popp og kók*”.

Hjá nokkrum af viðmælendum okkar virtist vera ákveðið mynstur ríkjandi; margir þeirra höfðu verið á heimilum á vegum ríkisins hér áður fyrir og því mætti velta fyrir sér að hefðu einhverjir þessara einstaklinga verið börn í dag hefðu þeir þá verið greindir með einhverskonar röskun. Þessi hópur var líka búinn að vera á götunni lengi, oftast með hléum þá þegar farið var í meðferð eða eitthvað úrræði bauðst.

Einstaklingarnir sem við ræddum við voru ekki aðeins ólíkir hvað varðar bakgrunn, aldur og kyn heldur höfðu þeir einnig mjög misjafna sýn á þau úrræði sem í boði eru. Sem dæmi má nefna voru nokkrir af viðmælendum okkar ekki sáttir við Gistiskýlið og fannst reglurnar þar of strangar. Á meðan aðrir voru mjög þakklátir fyrir að geta gist þar og töluðu mjög vel um starfsfólk þar og aðstöðu. Nokkrir nefndu að opna þyrfti langtíma búsetuúrræði fyrir konur.

Það sem ennfremur vakti athygli okkar rannsakenda var hversu ólíkar þarfir og væntingar einstaklingarnir höfðu til langtímabúsetuúrræða. Við ræddum meðal annars við einn einstakling sem hafði margoft verið boðið langtíma úrræði en hafði ítrekað neitað því. Margar ástæður voru viðraðar af þeim sem starfa með þessum hópi varðandi ástæður þess að neita úrræðum. Sumir nefndu að spilafíkn og neysla áfengis og vímuefna væri hugsanlega ástæða þess að sumir einstaklingar vilja frekar dvelja í Gistiskýlinu eða Konukoti en að borga leigu í búsetuúrræði. Aðrir töldu að margir þeirra sem eru utangarðs geti hreinlega ekki hugsað sér að flytja inn í úrræði með öllum þeim takmörkunum sem slíkt hefur í för með sér. Það hreinlega stangist á við þann lífstíl sem viðkomandi hefur tileinkað sér eftir margra ára dvöl á götum borgarinnar. Einn einstaklingur sagðist ekki hafa getað búið í úrræði þar sem honum líkaði ekki við hvernig hlutum var háttað þar. Þrátt fyrir að það komi fyrir að

einstaklingar afþakki þau úrræði sem þeim bjóðast þá töluðu nokkrir þeirra sem tóku þátt í rannsókninni um að þeir vildu gjarnan komast í langtíma úrræði og vorum við ítrekað spurðar hvort við gætum ekki “reddað” þeim húsnæði. Hins vegar urðum við þess áskynja við vinnslu rannsóknarinnar að vandinn við að finna úrræði sem henti hverjum og einum sé mikill. Andleg og líkamleg heilsa, ásamt erfiðum neysluvanda, getur hamlað því að þau úrræði sem í boði eru hverju sinni henti ákveðnum einstaklingum.

## Heimildaskrá

- Amalía Björnsdóttir (2003). Útskýringar á helstu tölfræðihugtökum. Í Kristján Kristjánsson og Sigríður Halldórsdóttir (ritstj.), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum*. Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Benjaminsen, L. og Christensen, I. (2007). *Hjemløshed i Danmark 2007*. København: Det Nationale Forskningscenter for Velfærd.
- Dyb, E. og Johannessen, K. (2009). *Bostedsløse i Norge 2008 – en kartlegging*. Oslo: Norsk institutt for by- og regionforskning .
- Félagsmálaráðuneytið (2005). *Skýrsla samráðshóps um heimilislausu: aðstæður húsnæðislausra í Reykjavík og tillögur til úrbóta*. Reykjavík: Höfundur.
- Fischer, S. N., Shinn, M., Shrout, P. og Tsemberis, S. (2008). Homelessness, Mental Illness, and Criminal Activity: Examining Patterns Over Time [rafræn útgáfa]. *American Journal of Community Psychology*. 42, 251-265.
- Glasser, I. og Bridgman, R. (1999). *Braving the street: the anthropology of homelessness*. Oxford: Berghahn Books.
- Guðrún Haraldsdóttir, Kristín Inga Grímsdóttir og Þórunn Pálsdóttir (2004). *Heilsufar, félagslegar aðstæður og þjónustufarfir heimilislausra í Reykjavík*. Óbirt lokaritgerð. Háskóli Íslands.
- Hagtíðindi (Janúar 2009). *Innflytjendur og einstaklingar með erlendan bakgrunn 1996-2008*. Reykjavík: Hagstofa Íslands.
- Herdís Rannveig Eiríksdóttir og Rannveig Marvinsdóttir (2009). *Heilbrigðisþarfir heimilislausra kvenna*. Óbirt lokaritgerð. Háskóli Íslands.

- Hopper, K., Jost, J., Hay, T., Welber, S. og Haugland, G. (1997). Homelessness, Severe Mental Illness, and the Institutional Circuit [rafræn útgáfa]. *Psychiatric services*, 48 (5), 659-665.
- Johnson, G. og Chamberlain, C. (2008). Homelessness and Substance Abuse: Which Comes First? [rafræn útgáfa]. *Australian Social Work*. 61, 342-356.
- McCarthy, B. og Hagan, J. (1991). Homelessness: A Criminogenic Situation? [rafræn útgáfa]. *The British Journal of Criminology*. 31, 393-410.
- Neuman, W. L. (2006). *Social research methods: Qualitative and quantitative approaches* (6. útgáfa). Boston: Pearson.
- Pedersen, P.V., Christensen, A.I., Hesse, U. og Curtis, T. (2008). *SUSY UDSAT: Sundhedsprofil for socialt udsatte i Danmark 2007*. København: Rådet for Socialt Udsattes.
- Rauði kross Íslands (2003). *Skýli fyrir heimilislausar konur-þarfamat*. Óbirt skýrsla.
- Reykjavíkurborg<sup>a</sup> (2008). *Stefna Reykjavíkurborgar í málefnum utangarðsfólks*. Reykjavík: Höfundur.
- Reykjavíkurborg<sup>b</sup> (2009). *Ársskýrsla Velferðarviðs Reykjavíkurborgar 2008*. Reykjavík: Höfundur.
- Sadock, B. Og Sadock, V. (2007). *Kaplan and Sadock's Synopsis of Psychiatry*. New York: Wolters Kluwer.
- Samráðshópur um málefni utangarðsfólks (2009). *Markmiðsskjal samráðshóps um málefni utangarðsfólks 18 ára og eldri*. Reykjavík: Höfundur.
- Shlay, A.B. og Rossi, P.H. (1992). Social Science Research and Contemporary Studies of Homelessness. *Annual Review of Sociology*, 18, 129-160.

- Sigurlína Davíðsdóttir (2003). Eigindlegar eða meginlegar rannsóknaraðferðir. Í Kristján Kristjánsson og Sigríður Halldórsdóttir (ritstj.), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum*. Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Stefán Eiríksson (2007, október). *Tengsl örvandi vímuefnaneyslu við ofbeldi og önnur lögbrot*. Erindi flutt á 30 ára afmælisráðstefnu SÁÁ, Reykjavík.
- Sullivan, E. O. (2009). Pathways through Homelessness: Theoretical Constructions and Policy Implications. Í Doherty, J. Og Edgar, B. (ritstjórar), *In my Caravan, I Feel Like Superman*. Brussel: FEANTSA.
- Þorlákur Karlsson (2003). Spurningakannanir: Uppbygging, orðalag og hættur. Í Kristján Kristjánsson og Sigríður Halldórsdóttir (ritstj.), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum*. Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Þórólfur Þórlindsson og Þorlákur Karlsson (2003). Um úrtök og úrtaksaðferðir. Í Kristján Kristjánsson og Sigríður Halldórsdóttir (ritstj.), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum*. Háskólinn á Akureyri: Akureyri.
- Wardhaugh, J. (2000). *Sub City: Young people, homelessness and crime*. Vermont: Ashgate Publishing Company.

# **VIÐAUKAR**

# **Viðauki 1**

**Skilgreiningar á heimilisleysi**



## Skilgreining félagsmálaráðuneytisins frá árinu 2005:

*Húsnæðislaus er sá sem ekki hefur aðgang að hefðbundnu húsnæði, hann hefur ekki húskaskjól að staðaldri á sama stað og gistir þar sem kostur er hverja nótt, þar með talið í gistiskýli, á gistiheimili eða inni á öðru fólki. Þeir sem koma úr tímabundnu húskaskjól, svo sem úr fangelsi eða úr vímuefna meðferð, eiga sögu um margháttaða húsnæðis- og félagslega erfiðleika og eiga ekki tryggt húskaskjól einum til tveimur mánuðum áður en þeir fara úr hinu tímabundna húsnæði, eru taldir hér með.*

## ETHOS

ETHOS-European Typology of Homelessness and housing exclusion

### 1. Einstaklingar sem búa á víðavangi við slæmar aðstæður/skilyrði (living rough)

- Opinber rými/svæði og/eða úti við

Nánari útskýring: Viðkomandi býr á götunni eða í opinberu rými/opinberum stöðum í óþökk og/eða leyfisleysi sem ekki telst viðunandi til dvalar.

### 2. Einstaklingar sem búa í neyðarskýlum

- Gistiskýlið og Konukot

Nánari útskýring: Viðkomandi á hvergi fastan dvalarstað og nýtir sér þjónustu gistiskýla á næturnar.

### 3. Einstaklingar sem búa í athvörfum fyrir konur

- Kvennaathvarf

Nánari útskýring: Viðkomandi dvelur tímabundið í athvarfi vegna ofbeldis heima fyrir og á ekki afturkvæmt.

### 4. Einstaklingar sem eru að ljúka stofnavist innan þriggja mánaða

- Fangelsi
- Sjúkrastofnanir, meðferðarstofnanir og áfangaheimili

Nánari útskýring: Gera má ráð fyrir að viðkomandi verði utangarðs að sjúkrahúsi eða afplánun lokinni þar sem ekki er vitað um neinn ákveðinn dvalarstað sem viðkomandi mun dvelja á. Viðkomandi dvelur jafnvel lengur á stofnuninni en þörf er á vegna skorts á húsnæði.

### 5. Utangarðsfólk sem nýtur langtíma húsnæðisúrræðis vegna heimilisleysis

- Stuðningssambýli fyrir utangarðs einstaklinga

Nánari útskýring: Langtíma búsetu- og stuðningsúrræði.

### 6. Einstaklingar sem búa við ótryggar aðstæður

- Tímabundið hjá fjölskyldu og/eða vinum
- Ólöglegt húsnæði

Nánari útskýring: Viðkomandi dvelur í hefðbundnu húsnæði tímabundið og/eða án formlegs leigusamnings eða býr í húsnæði sem ekki telst viðunandi til dvalar.

Viðkomandi er þar með í áhættuhóp á að verða utangarðs.

## **Viðauki 2**

**Spurningarlistinn sem lagður var fyrir í vettvangsrannsókninni**

# Rannsókn og kortlagning á högum utangarðsfólks í Reykjavík

## 1. Kyn?

1  Kona    2  Karl

## 2. Aldur \_\_\_\_\_

## 3. Menntun

- 1  Kláraði ekki grunnskóla  
2  Grunnskólapróf/gagnfræðapróf  
3  Fór í framhaldsskóla en kláraði ekki  
4  Stúdentspróf

- 5  Ið nám eða annað starfstengt nám  
6  Háskólapróf  
7  Annað, hvað? \_\_\_\_\_

## 4. Hjúskaparstaða

- 1  Gift/ur  
2  Í sambúð  
3  Fráskilin/n

- 4  Einhleyp/ur  
5  Ekkja/Ekkill  
6  Í sambandi

## 5. Þjóðerni

1  Íslenskt

2  Annað, hvað? \_\_\_\_\_

## 6. Ef uppruni er annar en íslenskur: Hversu lengi búsettur á Íslandi? \_\_\_\_\_

## 7. Búsetuaðstæður viðkomandi síðastliðna 3 mánuði (það sem á best við):

1.  Viðkomandi býr á götunni eða í opinberu rými/opinberum stöðum í óþökk og/eða leyfisleysi sem ekki telst viðunandi til dvalar.

5.  Viðkomandi býr í langtímastuðningsúrræði fyrir heimilislausa.

2.  Viðkomandi á hvergi fastan dvalarstað og nýtir sér þjónustu gistiskýla á næturnar.

6.  Viðkomandi býr við ótryggar aðstæður, gistir nótt og nótt hjá fjölskyldu eða vinum/kunningjum og/eða dvelur í hefðbundnu húsnæði tímabundið án samnings eða í húsnæði sem ekki telst viðunandi til dvalar.

3.  Viðkomandi dvelur tímabundið í kvennaathvarfi vegna ofbeldis heima fyrir og á ekki afturkvæmt heim.

4.  Viðkomandi er að ljúka stofnanavist, innan þriggja mánaða (fangelsi, sjúkrastofnun, vímuefnaeðferð, eftirmeðferð) og hefur ekki fastan samastað að henni lokinni.

## Fjárhagur og atvinna

### Tekjur

#### 8. Hvaðan koma tekjur þínar?

(Má merkja við fleira en eitt)

A  Launuð atvinna

B  Atvinnuleysisbætur

C  Lífeyrir

D  Örorubætur

E  Fjárhagsaðstoð

F  Lánað hjá vinum og ættingjum

G  Afbrot/auðgunarbrot

H  Annað, hvað?

---

## Almennar grunnþarfir (síðasta mánuðinn)

### Svefn

#### 9. Færðu nægan svefn á nóttunni?

1  Oftast

2  Stundum

3  Aldrei

#### 10. Ertu úthvöld/ur þegar þú vaknar?

1  Oftast

2  Stundum

3  Aldrei

### Mataræði

#### 11. Hversu oft í viku færðu heita máltíð?

1  6-7 sinnum í viku

2  3-5 sinnum í viku

3  1-2 sinnum í viku

4  Sjaldnar en vikulega

5  Aldrei

#### 12. Hversu oft í viku borðar þú morgunmat?

1  6-7 sinnum í viku

2  3-5 sinnum í viku

3  1-2 sinnum í viku

4  Sjaldnar en vikulega

5  Aldrei

**13. Hversu oft í viku færðu nóg að borða yfir daginn þannig að þú sért södd/saddur?**

- 1  6-7 sinnum í viku  
2  3-5 sinnum í viku  
3  1-2 sinnum í viku  
4  Sjaldnar en vikulega  
5  Aldrei

Hreinlæti

**14. Kemstu í sturtu/bað jafn oft og þú hefur þörf fyrir?**

- 1  Já                      2  Nei

**15. Hefur þú aðgang að hreinum fatnaði?**

- 1  Já                      2  Nei

**Félagslegt tengslanet**

**16. Hvernig er samband þitt við upprunafjölskyldu (foreldrar, systkini, frændfólk?)**

- 1  Gott                                      3  Lélegt  
2  Sæmilegt                              4  Ekkert samband

**17. Áttu barn/börn?**

- 1  Já                      2  Nei

**18. Ef já, hversu mörg?**

- 1  1                                      3  3  
2  2                                      4  4 eða fleiri

**19. Hversu oft hittirðu barnið/börnin að meðaltali á mánuði?**

- 1  Nánast daglega                      3  1-3 í mánuði  
2  Vikulega                              4  Aldrei

**20. Hversu marga nána vini átt þú?**

- 1  5 eða fleiri                              3  1-2  
2  3-4                                      4  Engan

**21. Upplifirðu þig einmana?**

- 1  Aldrei  
2  Stundum  
3  Oft

22. Sækir einhvern ákveðinn stað til að hitta annað fólk?

1  Já                      2  Nei

23. Ef já, hvaða stað/i? \_\_\_\_\_

## Heilsa og heilbrigðisstofnanir

24. Hefur þú verið greind/ur með líkamlegan sjúkdóm/a?

1  Já                      2  Nei

25. Ef já, hvaða sjúkdóm/a:

A  HIV

B  Krabbamein

C  Lifrabólgu B

D  Lifrabólgu C

E  Hjartasjúkdóm

F  Lungnabólgu

G  Meltingarsjúkdóm

H  Gigt

I  Annað, hvað?  
\_\_\_\_\_

26. Tekurðu vegna þessa inn lyfseðilskyld lyf ávísuð af lækni að staðaldri?

1  Já                      2  Nei

27. Hefur þú verið greind/ur með geðsjúkdóm/a?

1  Já                      2  Nei

28. Ef já, hvaða sjúkdóm/a:

A  Þunglyndi

B  Kvíða

C  Geðhvarfasýki

D  Persónuleikaröskun

E  Geðklofa

F  Áráttu og þráhyggju

G  Annað, hvað?  
\_\_\_\_\_

29. Tekurðu vegna þessa inn lyfseðilskyld lyf ávísuð af lækni að staðaldri?

1  Já                      2  Nei

*Notkun heilbrigðisþjónustu*

30. Hefur þú leitað þér lækniástoðar vegna sýkinga, áverka og annarra minniháttar veikinda síðastliðna 6 mánuði?

1  Já                      2  Nei

31. Hefur þú nýtt þér einhverja af eftirfarandi þjónustu síðastliðið ár? (má merkja við fleira en eitt)

A  Farið á heilsugæslu

B  Farið til tannlæknis

C  Farið til sérfræðings

D  Farið á bráðmóttöku, LSH Fossvogi

E  Farið á bráðamóttöku geðdeildar,  
LSH Hringbraut

F  Farið í krabbameinsskoðun

G  Ekkert að ofantöldu

**32. Hefur þú greinst með eitthvað af eftirtöldu?**

A  Heilaskaða

F  Annað, hvað?

B  Einhverfu

C  Asperger

D  Þroskaröskun

G  Á ekki við

E  (athyglisbrest og ofvirkni) ADHD

**33. Hefur þú gert tilraun til sjálfsvígs einhvern tímann á lífsleiðinni?**

1  Já

2  Nei

**34. Hefur þú íhugað sjálfsvíg einhvern tímann á lífsleiðinni?**

1  Já

2  Nei

**35. Hvernig upplifir þú eigin heilbrigði?**

1  Gott

2  Sæmilegt

3  Lélegt

*Vímuefni:*

**36. Notar þú einhver vímuefni? (Fíkniefni, áfengi eða tóbak)**

1  Já

2  Nei

**37. Hefur þú á síðastliðnum 30 dögum notað eftirfarandi vímuefni:**

A  Áfengi

G  Heróín

B  Ólögleg lyfseðilsskyld lyf

H  e-töflur

C  Tóbak

I  Kókaín

D  Hass

J  Annað, hvað:

E  Amfetamín

F  LSD

**38. Notar þú að staðaldri ( oftast en tvo daga í viku):**

A  Fíkniefni (Hass, amfetamín, e-töflur, kókaín, heróín)

C  Tóbak

B  Áfengi

D  Ólögleg lyfseðilsskyld lyf(læknadóp)

**39. Hefur þú farið í áfengis- eða vímuefnameðferð?**

1  Nei

4  4-5 sinnum

2  Já, einu sinni

5  6 sinnum eða oftast

3  2-3 sinnum

## Ofbeldi /kynferðisleg áreitni og afbrotahegðun

### Ofbeldi

#### 40. Hefurðu orðið fyrir líkamlegu ofbeldi síðastliðna 6 mánuði?

A  Já, vægu líkamlegu ofbeldi (Hrint, ýtt, rífið í, slegin/n með flötum lófa.)

B  Já, grófu líkamlegu ofbeldi (Sparkað í, slegin/n með hlut eða krepptum hnefa, kastað á húsgögn, vegg, niður tröppur, tekin/n hálstaki eða árás með vopni.)

C  Nei

#### 41. Ef já:

Hversu oft?

1  Daglega

3  3-4 sinnum

2  Vikulega

4  1-2 sinnum

#### 42. Hefurðu orðið fyrir andlegu ofbeldi (áreitni, hótanir, ógnanir, einelti) síðastliðna 6 mánuði?

1  Já

2  Nei

#### 43. Ef já:

Hversu oft?

1  Daglega

3  3-4 sinnum

2  Vikulega

4  1-2 sinn

#### 44. Hefur þú orðið fyrir kynferðislegri áreitni síðastliðna 6 mánuði?

*(Samkvæmt almennu hegningarlögunum nr. 19/1940 felst kynferðisleg áreitni m.a. í því að strjúka, þukla eða káfa á kynfærum eða brjóstum innan klæða sem utan, gegn vilja þínum. Eða með hegðun eða orðbragði sem er mjög meiðandi, á sér stað útrekað eða hefur valdið ótta)*

1  Já

2  Nei

#### 45. Ef já:

Hversu oft?

1  Daglega

3  3-4 sinnum

2  Vikulega

4  1-2 sinnum

#### 46. Hefur þú orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi síðastliðna 6 mánuði?

*(Samkvæmt almennu hegningarlögunum nr. 19/1940 felur kynferðislegt ofbeldi í sér þvingað samræði eða önnur kynferðismök, þar sem ofbeldi, hótunum eða annars konar ólögumætri nauðung er beitt. T.d. svipting sjálfræðis með innilokun, lyfjum eða öðrum sambærilegum hætti. Eins ef einhver notfærir sér geðsjúkdóm eða andlega fötlun til að hafa samræði eða önnur kynferðismök)*

1  Já

2  Nei

#### 47. Ef já:

Hversu oft?

1  Daglega

3  3-4 sinnum

2  Vikulega

4  1-2 sinnum



**48. Hefur þú gert hluti sem þú vildir ekki gera fyrir mat, gistingu, fíkniefni, áfengi, klæðnað eða annað**

1  Já

2  Nei

**49. Hvað?** \_\_\_\_\_

Afbrot

**50. Hefur þú framið auðgunarbrot síðastliðna 6 mánuði? (innbrot eða hnúpl - stolið, t.d. pening, mat o.s.frv.)**

1  Já

2  Nei

**51. Hefur þú brotið önnur almenn hegningarlög síðastliðna 6 mánuði? (skemmdarverk, óspektir, líkamsárásir, kynferðisbrot, fíkniefnamisferli o.s.frv.)**

1  Já

2  Nei

**52. Hefur þú gist í fangageymslu lögreglu eina eða fleiri nætur síðastliðna 6 mánuði?**

1  Já

2  Nei

**53. Ef já, vegna hvers?**

A  Vegna afbrots

B  Vegna ölvunnar eða annarlegs ástands

C  Vegna skorts á húsnæðisskjóli

**54. Ef já, hve margar nætur?**

1  1-3 nætur

2  4-6 nætur

3  7 eða fleiri

## **Viðauki 3**

**Kynningarbréf til þátttakenda í kortlagningunni**

Reykjavík, 20. júní 2009

Bréf til þátttakenda

### **Rannsókn á fjölda og högum utangarðsfólks í Reykjavík**

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar fékk samþykktan styrk frá Nýsköpunarsjóði námsmanna til að framkvæma rannsókn á fjölda og högum utangarðsfólks í Reykjavík. Með rannsókninni er vonast til að fá betri yfirsýn yfir hópinn sem leitt getur til frekari þróunar á úrræðum.

### **Fylgiskjal og útfylling þess**

Til ykkar er leitað til að kortleggja þá einstaklinga sem ykkur er kunnugt um að hafi verið utangarðs síðustu þrjá mánuði. Fylgiskjal 1 er upplýsingablað sem fylla þarf út fyrir hvern einstakling sem rannsóknin nær til.

Mikilvægt er að einungis sé fyllt út eitt slíkt skjal fyrir hvern einstakling sem þér/ykkur er kunnugt um að búi við eina eða fleiri af þeim aðstæðum sem lýst er í spurningu þrjú í Fylgiskjali 1. Nánari útskýringar á þeim aðstæðum er að finna hér í viðhenginu Skilgreiningar. Vinsamlega takið eftir að einnig er átt við einstaklinga sem eru að losna úr fangelsi eða verða útskrifaðir af sjúkrastofnunum innan þriggja mánaða og hafa enga fasta búsetu að útskrift lokinni.

Þeir sem best þekkja til þeirra einstaklinga er kunna að falla undir skilgreininguna eru beðnir að fylla út Fylgiskjal 1. Því er mikilvægt að þegar svo ber undir að rannsóknin sé kynnt fyrir því starfsfólki sem kemur að útfyllingu skjalsins. Liggi ekki allar upplýsingar sem beðið er um í Fylgiskjali 1 fyrir er óskað eftir þeim upplýsingum sem liggja fyrir.

### **Skilgreiningar**

Í rannsókninni er notast við skilgreiningu félagsmálaráðuneytisins frá árinu 2005 ásamt því að stuðst er við skilgreiningu sem sett er fram af evrópsku félagasamtökunum FEANTSA og nýtur hún stuðnings Framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins (*European Commission*). Sjá nánari útskýringar undir viðhenginu Skilgreiningar.

### **Nafnleynd og trúnaður**

Rannsóknin hefur fengið leyfi hjá Persónuvernd til að safna saman þessum upplýsingum. Við vinnslu rannsóknarinnar verður fyllstu nafnleyndar og trúnaðar gætt og gildir það jafnt um stofnanirnar sjálfar sem og þá einstaklinga sem upplýsingar eru veittar um. Allar upplýsingar sem veittar eru verða varðveittar af Velferðarsviði Reykjavíkurborgar og einungis notaðar í þessari tilteknu rannsókn.

**Vinsamlegast sendið Fylgiskjal 1 jafnóðum og það hefur verið fyllt út fyrir hvern einstakling, rafrænt eða með pósti, eigi síðar en 10. ágúst 2009.**

Tölvupóstfang: [erla.gudrun.sigurdardottir@reykjavik.is](mailto:erla.gudrun.sigurdardottir@reykjavik.is) eða  
[elin.sigridur.gunnsteinsdottir@reykjavik.is](mailto:elin.sigridur.gunnsteinsdottir@reykjavik.is)

Heimilisfang: Velferðarsvið Reykjavíkurborgar bt. Guðrúnar Reykdal  
Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík

Sé frekari upplýsinga óskað er bent á umsjónarmenn verkefnisins, Birnu Sigurðardóttur eða Guðrúnu Reykdal hjá Velferðarsviði.

Með von um skjót og góð viðbrögð,

Virðingafyllst,

Elín Sigríður Gunnsteinsdóttir  
[elin.sigridur.gunnsteinsdottir@reykjavik.is](mailto:elin.sigridur.gunnsteinsdottir@reykjavik.is)

Erla Guðrún Sigurðardóttir  
[erla.gudrun.sigurdardottir@reykjavik.is](mailto:erla.gudrun.sigurdardottir@reykjavik.is)

## **Viðauki 4**

**Fylgiskjal 1 sem barst þjónustumiðstöðvum Reykjavíkurborgar í kortlagningunni á fjölda utangarðsfólks í Reykjavík**

# FYLGISKJAL 1: Skráning upplýsinga í tengslum við rannsókn og kortlagningu Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar á fjölda og högum utangarðsfólks í Reykjavík

ATH. Sé skjalið fyllt út rafrænt vinsamlegast setjið X fyrir framan kassana.

## Dagsetning:

Nafn stofnunar/félagasamtaka

Símanúmer

Heimilisfang

Netfang tengiliðs

## 1. Nafn viðkomandi:

## 2. Kennitala:

## 3. Búsetuaðstæður viðkomandi síðastliðna 3 mánuði. Sjá nánari útskýringar á meðfylgjandi skilgreiningarblaði (ATH fleira en eitt getur átt við)

- |  |   |
|--|---|
| <input type="checkbox"/> Viðkomandi býr á götunni eða í opinberu rými/opinberum stöðum í óþökk og/eða leyfisleysi sem ekki telst viðunandi til dvalar. | <input type="checkbox"/> Viðkomandi er að ljúka stofnanavist, innan þriggja mánaða (fangelsi, sjúkrastofnun, vímuefnaeðferð, eftirmeðferð) og hefur ekki fastan samastað að henni lokinni.  |
| <input type="checkbox"/> Viðkomandi á hvergi fastan dvalarstað og nýtir sér þjónustu gistiskýla á næturnar.  | <input type="checkbox"/> Viðkomandi býr í langtímastuðningsúrræði fyrir heimilislausa.  |
| <input type="checkbox"/> Viðkomandi dvelur tímabundið í kvennaathvarfi vegna ofbeldis heima fyrir og á ekki afturkvæmt heim.                           | <input type="checkbox"/> Viðkomandi býr við ótryggar aðstæður, gistir nótt og nótt hjá fjölskyldu eða vinum/kunningjum og/eða dvelur í hefðbundnu húsnæði tímabundið án samnings eða í húsnæði sem ekki telst viðunandi til dvalar. |

## 4. Kyn og aldur:

- Karl  
 Kona

Aldur:

**5. Þjóðerni** (merkið aðeins við eitt)

- Íslenskt  Veit ekki  
 Annað hvað?:

**6. Hversu lengi telur þú að einstaklingurinn hafi verið heimilislaus?** (merkið aðeins við einn svarmöguleika)

- 0 – 3 mánuðir  Meira en 2 ár  
 4 – 11 mánuðir  Veit ekki  
 1 – 2 ár

**7. Hefur þú upplýsingar um að einstaklingurinn neyti áfengis og/eða annarra vímuefna að staðaldri:**

- Já, viðkomandi neytir að staðaldri (má merkja við bæði):  
 Áfengis  
 Vímuefna
- Nei, ég hef enga vitneskju um áfengis eða vímuefnaneyslu viðkomandi einstaklings

**8. Hverjar telur þú vera hugsanlegar orsakir þess að viðkomandi einstaklingur er heimilislaus?**  
(Má merkja við fleiri en einn svarmöguleika)

- Líkamlegur sjúkdómur  Útskrift af spítala  
 Vímuefnamisnotkun  Óöryggi við að búa ein/einn  
 Áfengisvandi  Gat ekki búið lengur hjá fjölskyldu/vinum/kunningjum  
 Atvinnuleysi  Erfitt að fá húsnæði eða bíður eftir félagslegu húsnæði  
 Hjónaskilnaður/sambúðarslit  Annað, hvað?:  
 Er að ljúka afplánun  Veit ekki  
 Ofbeldi á heimili  
 Geðræn vandamál  
 Þroskafrávik

**9. Hefur þú vitneskju um hvort viðkomandi einstaklingur hefur leitað eftir eða er að fá stuðning frá öðrum stofnunum eða félagasamtökum?**

- Viðkomandi hefur leitað til:
- Viðkomandi er að fá stuðning frá:
- Viðkomandi hefur ekki leitað til neinna annarra stofnana eða félagasamtaka
- Veit ekki

**10. Hvaða þjónustu er viðkomandi einstaklingur að fá hjá ykkar stofnun/félagasamtökum í dag. Lýstu í nokkrum orðum:**

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---



## **Viðauki 5**

**Upplýsta samþykkisblaðið fyrir þátttakendur í vettvangsrannsókninni**

## Upplýst samþykki

### Rannsókn Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar á fjölda og högum þeirra sem eru utangarðs í Reykjavík

Rannsókn þessi er framkvæmd af Velferðarsviði Reykjavíkurborgar og er styrkt af Nýsköpunarsjóði námsmanna. Um framkvæmd rannsóknarinnar sjá Erla Guðrún Sigurðardóttir, MA nemi í félagsráðgjöf og Elín Sigríður Gunnsteinsdóttir, félagsfræðingur.

Rannsókninni er ætlað að varpa ljósi á heilsufar, félagslegar aðstæður og almennar grunnþarfir þeirra sem eru utangarðs í Reykjavík. Með rannsókninni er vonast til að fá upplýsingar um aðstæður hópsins sem leitt geta til frekari þróunar á þjónustu. Niðurstöður rannsóknarinnar verða kynntar fyrir velferðarráði í september 2009.

Framkvæmd rannsóknarinnar er þannig háttað að spurningalisti er lagður fyrir ákveðinn hóp einstaklinga sem falla undir skilgreiningu félagsmálaráðuneytisins á heimilisleysi. Gert er ráð fyrir að viðtalið taki um klukkustund.

Rannsóknin hefur verið tilkynnt til Persónuverndar. Nöfn þátttakenda koma hvergi fram, hvorki á spurningalista né við úrvinnslu. Þær upplýsingar sem gefnar eru í rannsókninni verður ekki með neinum hætti hægt að rekja til ákveðinna einstaklinga. Rannsakendur eru bundnir trúnaði og þagnarskyldu.

Allar þær upplýsingar sem fram koma verða eingöngu notaðar í þessari tilteknu rannsókn. Eftir að úrvinnslu spurningalistanna er lokið verður öllum persónugögnum eytt.

Þér ber engin skylda til að svara einstökum spurningum og getur neitað og hætt þátttöku hvenær sem er í ferlinu án þess að það hafi nokkur áhrif á stöðu þína. Hafir þú einhverjar frekari spurningar varðandi rannsóknina þá getur þú haft samband við ábyrgðarmenn rannsóknarinnar þær Guðrúnu Reykdal, deildarstjóra rannsókna og þjónustumats og Birnu Sigurðardóttur, félagsráðgjafa og verkefnastjóra hjá Velferðarsviði Reykjavíkurborgar í síma 411 1111.

---

Staður og dagsetning

---

Nafn þátttakanda og kennitala

---

Fyrir hönd rannsakanda

